



Hugvísindasvið

## Glatað tækifæri

*Hvers vegna misfórust samningaviðræður Íslands og Bretlands í janúarlok 1976?*

Ritgerð til B.A.-prófs

Guðjón Már Sveinsson

Október 2009

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Sagnfræði**

## **Glatað tækifæri**

*Hvers vegna misfórust samningaviðræður Íslands og Bretlands  
í janúarlök 1976?*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Guðjón Már Sveinsson**

**Kt.: 190382-5089**

**Leiðbeinandi: Guðni Thorlacius Jóhannesson**

**Október 2009**

Árið 1976 urðu gríðarleg átök milli vinnufólka vegna svokallaðra landhelgismarka Íslands. Samskipti þeirra fólka sem í hlut áttu urðu til þess að stjórnmálasamskipti voru tímabundið rofin. Íslendingar höfðu ákveðið að færa fiskveiðilögsögu landsins í 200 mílur og byggðu það á þróun hafréttarmála á þeim tíma. Þær vinnufólkur sem um ræðir voru Bretar og Íslendingar og þótti sitt hvorri. Silfur hafsins, hvort heldur síld eða þorskur, er og verður ágreiningsefni fólka. Þegar öllu er á botninn hvolft skiptir matur meira máli en olía.

Bretum þótti Íslendingar helst til frekir til fjárins og vísuðu til hefðarréttar, þeir höfðu veitt hér án verulegra athugasemda árhundruðum saman og vildu gera það áfram. Allt er þó breytingum undirorpið. Sjálfstæð fólki tekur af skarið og segir nei. Bretar, stórveldið, sagði litla nýfrjálsa ríkinu stríð á hendur. Ekki svo að skilja að beitt væri banvænum vopnum, heldur reyndu þeir að knýja Íslendinga til hlýðni og eftirgjafar. Það gekk ekki eftir. Íslendingar stóðu fast á sínu og lögðu sál sína í að fylgja stefnu sinni eftir. Þessi ótrauða afstaða varð til þess að margar vinnufólkur urðu til þess að fylgja Íslendingum að málum.

Litlu mátti muna að samningar næðust í janúarlök en allt kom fyrir ekki. Klipping á ögurstundu olli mögulega því að samningar náðust ekki. Í febrúarbyrjun sneru breskar freigátur aftur á Íslandsmið og litu Íslendingar svo á að hér væri um árás á lýðveldið að ræða. Loks var að því komið að ríkisstjórn Íslands sá til þess ástæðu að slíta, tímabundið, stjórnmálasambandi við Breta.

Eftir fjölmarga fundi ríkisstjórna Íslands og Bretlands varð mönnum það ljóst að nútíminn hefði það í för með sér að strandríki réðu afla sínum, það sem eftir væri mætti hugsanlega deila með öðrum fólki, hverjar sem þær væru. Samningsstaða Íslands fór batnandi með hverjum deginum sem leið og Bretar vissu að baráttan var töpuð. Eina spursmálið var hvenær sigur Íslands yrði að staðreynd.

Ríkisstjórn Íslands með Geir Hallgrímsson í broddi fylkingar stóð sína vakt með stakri þryði og varði hagsmuni Íslands svo eftir verður munað

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
1. Inngangur.....	2
2. Aðdragandi .....	3
2.a Viðræður Breta og Íslendinga í nóvember 1975 .....	3
2.b Þorskastríð skolið á! .....	4
2.c Hótanir íslensku ríkisstjórnarinnar .....	7
2.d Fyrir viðræðufundinn í Lundúnum.....	8
3. Viðræðurnar í Lundúnum .....	10
3.a Reglur og regluleysi .....	17
3.b Klipping á versta tíma .....	18
3.c Hugleiðingar eftir fundinn .....	20
3.d Átök á miðunum blossa upp á ný .....	26
4. Stjórnámbandi við Bretland slitið .....	30
4.a Vandræði Breta.....	32
4.b Íslendingar væna Breta um áróðursbrögð.....	35
4.c Breytingar á bresku ríkisstjórninni .....	36
5. Darraðardans á miðunum .....	36
6. Samkomulag í fiskveiðideilunni .....	39
7. Nokkrar tölulegar upplýsingar úr þorskastríðinu .....	41
8. Hvað réð því að samningar náðust ekki?.....	42
9. Samantekt .....	44
Heimildaskrá.....	47

## 1. Inngangur

Hins 1. júní 1976 mun lengi verða minnst í sögu íslensku þjóðarinnar. Þessi dagur markar þáttaskil í áratuga baráttu fyrir fullum yfirráðum yfir auðlindum landsins, fiskimiðum við Ísland frá og með 1. desember 1976. Bresku freigátturnar sigldu burt af Íslandsmiðum sunnudaginn 30. maí 1976. Eftir að samningar náðust á Óslóarfundinum var stjórnmalasambandi þjóðanna aftur komið á.

Bretum stóð stuggur af Ólafi Jóhannessyni dómsmálaráðherra þar sem hann hafði verið forsætisráðherra í vinstri stjórn á undan og vitað var að oft andaði köldu á milli hans og Geirs Hallgrímssonar forsætisráðherra.

Áður en samningar náðust í Ósló hafði mikið gengið á mánuðina á undan. Frá því að samningar misfórust um miðjan nóvember árið 1975 má segja að upp hafi verið komin ákveðin pattstaða sem ríkisstjórnir Íslands og Bretlands reyndu að leysa með samningaleiðum. Oft reyndist ráðamönnum ríkjanna erfitt að halda friðinn, þá sérstaklega á miðunum þar sem harðvítugasta baráttan fór fram. Skipherrar íslensku varðskipanna gengu hart fram og oftar en ekki notuðu þeir togvirkklippurnar frægu breskum togaraskipstjórum til mikils ama.

Í janúarlok þáði Geir Hallgrímsson forsætisráðherra boð Harolds Wilsons, forsætisráðherra Bretlands, um að koma ásamt föruneysi til viðræðna um lausn fiskveiðideilunnar. Geir hafði áður lýst því yfir að þetta væru einungis könnunarviðræður og ekki ástæða til of mikillar bjartsýni. Þegar á viðræðurnar leið virtist vera farið að rofa til og endar farnir að ná saman en þá fréttist af klippingu íslensks varðskips á breskan togara og mikil togstreita myndaðist milli samningsaðila og nær allar lausnir virtust vonlausar. Það hafði í raun ekki úrslitaáhrif á það að samningar náðust ekki í þetta skiptið. Frekar mætti segja að klippingin hafi verið ágætis átylla samningsleysis og sýndi hversu viðkvæmt málið var í raun.

Breskir ráðamenn voru vongóðir um að ná hagstæðum samningum við Íslendinga um áframhaldandi veiðar innan íslenskrar lögsögu. En eftir mislukkaðar viðræður í Lundúnum dagana 24.–27. janúar árið 1976 var sú von nánast úr sögunni. Bresk dagblöð furðuðu sig á þúðrinu sem Bretar settu í fiskveiðideiluna og voru sum hver höll undir málstað Íslendinga.

Áður en samningar náðust loksins þann 1. júní árið 1976 lögðu Bretar á það mesta áherslu að ná sem hagstæðustu samningum sem í boði voru af Íslands hálfu.

Íslendingar höfðu vindinn í bakið á vormánuðum og telja verður að ríkisstjórnin hafi vitað að einungis væri tímaspursmál hvenær deilan yrði leyst með sigri Íslands.

## 2. Aðdragandi

Tæpu ári eftir að ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar tók við valdataumunum, 15. júlí 1975, skrifaði Matthías Bjarnason sjávarútvegsráðherra undir reglugerð um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómílu. Útfærslan skyldi taka gildi þremur mánuðum síðar en þó ekki gagnvart Bretum fyrr en 14. nóvember vegna sammingsins við þá við lok 50 mílna deilunnar.

Hafsvæði nýju landhelginnar var feykilega víðfeðmt, um 758 þúsund ferkílómetrar. Til samanburðar náði hafsvæði 50 mílnanna yfir um 216 þúsund ferkílómetra svæði.<sup>1</sup>

Ríkisstjórn Sovétríkjanna hafði mótmælt útfærslu Íslendinga í 200 mílu og af því tilefni afhenti Einar Ágústsson utanríkisráðherra sovéska sendiherranum á Íslandi skjal þar sem útskýringar og ástæður ríkisstjórnarinnar voru gefnar upp. Þar var m.a. rakin saga íslensku landgrunnslaganna frá árinu 1948 og að útfærslu landhelginnar hefði verið framfylgt í aldarfjórðung með hliðsjón af þróun þjóðarréttar. Þá var tiltekið að á hafréttarráðstefnu skömmu áður hafði yfirgnæfandi meiri hluti ríkja lýst stuðningi sínum yfir þá meginreglu að strandríki hefði fullveldisrétt yfir auðlindum upp að 200 sjómílu. Útfærslan í 200 sjómílu við Ísland væri því byggð á þessari staðreynd.

Útfærslunni yrði ekki frestað lengur vegna sóknar erlendra skipa. Íslenski fiskveiðiflotinn væri fullfær um að nýta þá sókn á miðunum sem æskileg væri miðað við vísindaleg verndarsjónarmið að mati fiskifræðinga.<sup>2</sup>

### 2.a Viðræður Breta og Íslendinga í nóvember 1975

Samningaviðræðum milli Breta og Íslendinga sem fram fóru í Reykjavík dagana 15.–17. nóvember 1975 lauk eftir aðeins 40 mínútna viðræður. Skömmu áður en breska sendinefndin fór í fússi frá viðræðunum fékk hún fregnir af einhverjum ásiglingum á miðunum, en þó ekki klippingum. Roy Hattersley aðstoðarutanríkisráðherra Bretlands, sem fór fyrir viðræðunefnd Breta, var afar erfiður viðureignar og lítt búinn til tilslakana.

<sup>1</sup> Örnólfur Árnason: *Járnkarlinn*, bls. 175.

<sup>2</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 1 1975. Landhelgismál I. Fréttatilkynning frá utanríkisráðuneytinu. Nr. 25. Utanríkisráðuneytið 19. ágúst 1975, bls. 1–2.

Mjög mikið bar á milli ríkjanna í viðræðunum. Bretar fóru fram á 110 þúsund tonna afla á ársgrundvelli en Íslendingar sögðust ekki getað boðið hærra en 65 þúsund tonn.

Einar Ágústsson, utanríkisráðherra Íslands, kvað lítið hafa þurft að ræða þar sem hvorug þjóðin gat mætt kröfum hinnar á miðri leið. Bretar stóðu fast við sína tölu og Íslendingar fast á sinni. Þegar Hattersley kom til Íslands á laugardegi 15. nóvember mótmælti hann aðgerðum íslensku varðskipanna á miðunum. Einar Ágústsson sagðist hafa mótmælt aðgerðum breskra togara á Íslandsmiðum. Í yfirlýsingu Hattersleys er hann gaf um málið skömmu fyrir brottför kastaði hann allri sök á viðræðunefnd Íslands. Hann sagði enn fremur að Bretar hefðu verið meira en tilbúnir til að slaka á sinni tölu og ræða um fiskverndun og möskvastærðir. Þá tók hann fram að þrátt fyrir að þessir viðræðufundir hefðu ekki borið árangur sem erfiði væri breska ríkisstjórnin tilbúin til viðræðna aftur.<sup>3</sup> Íslendingar litu svo á eftir misheppnaða viðræðufundi í september og október, þar sem Bretar héldu fast í óbreytt aflamagn frá samningnum frá árinu 1973 og kröfðust í raun betri samninga, að í kjölfar svartrar skýrslu frá Hafrannsóknastofnun, þar sem alvarlegt ástand þorsstofnsins við Ísland kom berlega í ljós, myndu Bretar lækka aflatölu sína umtalsvert. Það virtist ekki vera upp á teningnum hjá Bretum. Hattersley var sakaður um vera ekki nægjanlega fróður um landhelgismálin og sýna máli Íslands lítinn sem engan skilning.<sup>4</sup> Var Hattersley svona ákveðinn í að halda 110 þúsund tonnum af því að hann fékk ekki allar upplýsingar á borð til sín fyrir fundinn? Samkvæmt ævisögu Harolds Wilsons sagði hann að starfsmaður í utanríkisráðuneytinu hefði gleymt að láta Hattersley vita að frammámenn í breskum sjávariðnaði sættu sig við 80 þúsund tonn en ekki 110 þúsund tonn eins og hann hélt svo fast við.<sup>5</sup> En sú tala var þó einnig töluvert fjarri tölunni sem Íslendingar höfðu fram að færa.

## 2.b Þorskastríð skolið á!

Ljóst var að enn á ný var skolið á þorskastríð milli Íslendinga og Breta. Það var svo á þriðjudeginum 18. nóvember að íslenska varðskipið Þór klippti á báða togvíra breska togarans *Primella*, sem var við veiðar á Vestfjarðamiðum. Einnig klippti varðskipið *Týr*

<sup>3</sup> „Bretarnir fóru í fússi“ *Morgunblaðið*, 18. nóvember 1975, bls. 1 og 16.

<sup>4</sup> „Ósvífni Hattersleys“ *Morgunblaðið*, 19. nóvember 1975, bls.16.

<sup>5</sup> Bernard Donoghue: *Downing Street Diary, with Harold Wilson in no. 10*, bls. 629.

á togvira breska togarans *St. Giles* frá Hull.<sup>6</sup> Þann 25. nóvember 1975 sneri breski flotinn aftur á Íslandsmið til að vernda bresku togarana sem höfðu haft í hótunum við bresk stjórnvöld um að hverfa af Íslandsmiðum ef ekki kæmi til flotaíhlutunar.<sup>7</sup> Í bréfi frá Harold Wilson til Geirs Hallgrímssonar þann 29. nóvember 1975 kom berlega í ljós áhugi Breta á að reyna að ná sáttum í fiskveiðideilunni. Wilson sagði m.a. að bresk yfirvöld væri reiðubúin að lækka hámarksaflatölur sínar verulega til að liðka fyrir viðræðum. Einn grundvöllur allra viðræðna væri sá að íslensku varðskipin létu bresku togarana afskiptalaus meðan á samningviðræðum stæði, á móti kæmi að herskipafloti Breta myndi að sama skapi hverfa af miðunum á meðan.<sup>8</sup>

Ef marka má fyrrnefnt bréf frá Harold Wilson til Geirs Hallgrímssonar frá 29. nóvember 1975 má sjá að Bretar voru að mörgu leyti sáttfúsir og leituðu eftir friðsamlegum samningaviðræðum. Hann sagði að Bretar væru reiðubúnir að reyna mæta kröfum Íslendinga á miðri leið. Þá sagði hann að Bretar væru tilbúnir að hittast hvar og hvenær sem væri. Einnig sagði hann að þá væri gefið mál að íslensku varðskipin létu af afskiptum breskra togara og þá hyrfu herskipin af miðunum á meðan.<sup>9</sup> Knut Frydenlund, utanríkisráðherra Noregs, hafði áður bent á að það væri tóm mál um að tala svo lengi sem bresku togararnir færu ekki út fyrir íslenska landhelgi. Hann benti m.a. á fordæmi Þjóðverja sem fóru með alla sína togara út fyrir 200 mílna mörkin meðan á samningaviðræðum stóð.<sup>10</sup>

Þrátt fyrir íhlutun flotans héldu íslensku varðskipin áfram að skera á togvira bresku togaranna. Fjölmargir landhelgisbrjótar á Íslandsmiðum urðu veiðarfærum fátækari eftir viðskipti sín við íslensku varðskipin. Laugardaginn 6. desember náðu *Þór* og *Ægir* að skera á togvira tveggja breskra togara með aðeins tveggja mínútna millibili. Skömmu eftir klippingu Þórs var varðskipið umkringt af freigátunni *Brighton* og fjórum hjálparskipum. Að sögn Helga Hallvarðssonar, skipherra á *Þór* var það dráttarbáturinn *Lloydsman* sem sigldi á *Þór* svo skemmdir urðu á þyrluþilfarinu. Archie McPhee fréttamaður *BBC* sem var um borð í *Lloydsman* sendi þá frétt að það hefði verið dráttarbáturinn *Euroman* sem sigldi á *Þór* en ekki *Lloydsman*. Það er líklegt að slæmt

<sup>6</sup> „Einn Breti halastýfður í gærðag“ *Morgunblaðið*, 19. nóvember 1975, bls. 2. (Fyrri fréttin er svo mynd á forsíðu *Morgunblaðsins* 19. nóvember og textinn fylgir myndinni.)

<sup>7</sup> „Flotaíhlutun“ *Morgunblaðið*, 26. nóvember 1975, bls. 1.

<sup>8</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Message to the Prime Minister of Iceland from the Prime Minister of the United Kingdom. 29. nóvember 1975, bls. 1–2.

<sup>9</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 1 1975. Landhelgismál I. Message to the Prime Minister of Iceland from the Prime Minister of the United Kingdom. 29. November 1975, bls. 1–2.

<sup>10</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 1 1975. Landhelgismál I. Utanríkisráðuneytið. Skilaboð frá utanríkisráðherra Noregs. 28. nóvember 1975. Pétur Thorsteinsson.



skyggni og hröð atburðarás hafi spilað þar inn í. Mike Smartt fréttaritari *Morgunblaðsins* í Hull hafði það eftir McPhee að eftir ásiglingu dráttarbátsins á *Þór* hafi Helgi Hallvarðsson skipað sínum mönnum að taka ofan af byssunni og hótáð að skjóta á dráttarbátinn ef hann nálgæðist á nýjan leik. Í kjölfarið hafi svo freigátan nálgæst varðskipið og skipherra freigátunnar fyrirskipað að vatni skyldi sprautað á þilfarið og lúðrar freigátunnar þeyttir af öllu afli. Skipherrann hafi því næst látið þau boð berast til Helga að freigátan svaraði í sömu mynt ef *Þór* hygðist beita byssum sínum. Archie McPhee hafði á orði að sannarlega væri farið að hitna í kolunum og allar byssur í viðbragðsstöðu.<sup>11</sup> Helgi Hallvarðsson skipherra á *Þór* þvertók fyrir það að hafa hótáð Bretunum með byssum. Hann sagðist enga skipun hafa gefið um að munda skyldi byssurnar. Þá fékk hann ekki skilið hvernig skipsmenn á dráttarbátunum gátu séð svo nákvæmlega hvað gerðist á dekki varðskipsins. Útsýnið var mjög slæmt og menn gátu mistúlkað ýmislegt sem gerðist uppi á dekkinu. Þessu til rökstuðnings sagði Helgi að þegar hasarinn á miðunum yrði hvað mestur væru allir menn kallaðir til, líka þeir sem væru á frívakt, þá er einna skjólsælast og besta útsýnið við byssurnar.<sup>12</sup>

Í ræðu Ivors Richards, breska fulltrúans í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, þann 16. desember 1975, lýsti hann atburðarás sem átti sér stað 11. desember. Bresku dráttarbátarnir *Star Aquarius* og *Star Polaris* ásamt togaranum *Lloydsman* leituðu sér skjóls við mynni Seyðisfjarðar vegna mikils óveðurs sem þá skall á. Íslenska varðskipið *Þór* kom að skipunum og skipaði þeim að stöðva ellegar myndu þeir skjóta. Öll bresku skipin voru óvopnuð. *Þór* sótti hins vegar fram af fullum krafti og skaut þremur viðvörunarskotum að *Lloydsman*. Nokkuð var um ásiglingar í þessari atburðarás og var engum að kenna heldur náðu menn ekki að koma í veg fyrir óumflýjanlegar ásiglingar. Breski fulltrúinn sakaði íslenska varðskipið um að beita of mikilli hörku og taldi að bresku skipin væru þarna í fullum rétti.<sup>13</sup> Í fréttatilkynningu frá Landhelgisgæslunni var frásögnin af þessum atburði örlítið önnur en frá breska fulltrúanum. Þar segir að bæði *Star Aquarius* og *Lloydsman* hafi siglt vísvitandi á varðskipið og skemmdir verið talsverðar.<sup>14</sup> Ingvi Ingvarsson, fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, vakti athygli á því að atburðirnir hefðu gerst í 2 mílna fjarlægð frá landi og skoraði á

<sup>11</sup> „Þór sýndi byssuna – Bretar hótuðu að skjóta“ *Morgunblaðið*, 7. desember 1975, bls. 40.

<sup>12</sup> „Höfum leyfi til að svara skotum varðskipanna“ *Morgunblaðið*, 9. desember 1975, bls. 26 og 40. (Á þessum tíma var varðskipið *Þór* eina varðskipið í flota Landhelgisgæslunnar með byssur að framan og aftan.)

<sup>13</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 1 1975. Landhelgismál I. Ræða Ivor Richard, breska fulltrúans í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna 16. desember 1975, bls. 1–2.

<sup>14</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 1 1975. Landhelgismál I. Landhelgisgæzlan. Reykjavík. 11. desember, 1975. Fréttatilkynning, bls. 1.

ríkisstjórn Bretlands að láta af valdbeitingu. Ingvi sagði það ósatt að *Pór* hefði farið of geyst í baráttunni líkt og Ivor Richard hélt fram.<sup>15</sup>

Þann 7. janúar 1976 varð alvarlegur árekstur á miðunum er breska freigátan *Andromeda* sigldi á varðskipið *Pór* svo töluverðar skemmdir urðu. Geir lýsti því yfir að ef slík ásigling ætti sér stað aftur hlyti Ísland að slíta stjórnmalasambandi við Breta. Svar breska flotans var að það sigla aftur á íslenskt varðskip tveimur dögum síðar. Hinn 16. janúar sagði Geir Hallgrímsson að Íslendingar væru reiðubúnir til viðræðna við Breta ef herskipin væru kvödd á brott innan tveggja til þriggja daga. Þremur dögum síðar tilkynnti Geir svo að ef bresku herskipin og Nimrod-þotan væru innan íslenskrar lögsögu litu Íslendingar svo á að stjórnmalasambandi við Breta væri slitið. Sama kvöld tilkynnti breska ríkisstjórnin að hún myndi kalla herskipaflota sinn út fyrir 200 mílurnar.<sup>16</sup>

## 2.c Hótanir íslensku ríkisstjórnarinnar

Eftir harða árekstra á miðunum í upphafi janúarmánaðar árið 1976 lýsti Geir Hallgrímsson því yfir að ef aftur kæmi til slíkra ásiglinga væri ríkisstjórnin tilneydd að slíta stjórnmalasambandi við Breta. En hann vænti að slík ásigling ætti varla eftir að eiga sjást á miðunum aftur.<sup>17</sup>

Eftir langan ríkisstjórnarfund var ákveðið að grípa til víðtækra aðgerða til að sporna gegn valdbeitingu og síendurteknum tilraunum til ásiglinga breskra herskipa á íslensk varðskip.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru fimmþættar:

- Pétur Thorsteinsson, ráðuneytisstjóri mun sem sérstakur fulltrúi ríkisstjórnarinnar ferðast til höfuðborga aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins í Evrópu og gera ríkisstjórnnum þeirra grein fyrir sjónarmiðum Íslendinga.
- Sendiherra Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og í Washington verða kallaðir heim til þess að undirbúa frekari kynningu á málstað Íslands vestan hafs.
- Krafist verður fundar í fastaráði NATO.
- Óskað verður eftir því, að Joseph Luns, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, komi hingað til lands til viðræðna við ríkisstjórnina.

<sup>15</sup> „Mótmæli ofbeldi Bretanna innan okkar landhelgi“ *Morgunblaðið*, 17. desember 1975, bls. 1.

<sup>16</sup> Þí. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Símskeyti Einars Ágústssonar til utanríkisráðherra NATO landa annarra en Bretlands. Sent 19. febrúar 1976, bls. 3–4.

<sup>17</sup> „Vænti þess, að þessi aðvörun nægi og til frekari ásiglinga komi ekki“ *Morgunblaðið*, 9 janúar 1976, bls. 28.

- Að lokinni kynningu málsins verður krafizt nýs fundar fastaráðs Atlantshafsbandalagsins.<sup>18</sup>

## 2.d Fyrir viðræðufundinn í Lundúnum

Á blaðamannafundi sem Geir Hallgrímsson hélt ásamt fjölmennu liði íslenskra og erlendra blaðamanna föstudaginn 16. janúar árið 1976 sagði hann að íslenska ríkisstjórnin myndi ákveða hvort slíta ætti samstarfi við Breta á mánudeginum eða þriðjudeginum eftir helgina og stjórn málaslitin myndu taka gildi helgina eftir.

Sagði Geir að með þessum vikufresti vildi íslenska ríkisstjórnin gefa Bretum tækifæri til að halda stjórn málasambandi við Íslendinga. Fresturinn væri aukinheldur frestur sem undirstrikaði að ef til slita á stjórn málasambandi kæmi væri sökin í höndum bresku ríkisstjórnarinnar. Geir Hallgrímsson lagði á það þunga áherslu að það væri skýlaus krafa íslensku ríkisstjórnarinnar að bresku herskipin væru kvödd af miðunum ef samningaviðræður á jafnréttisgrundvelli gætu mögulega átt sér stað.<sup>19</sup>

Geir var spurður hver skoðun hans og ríkisstjórnarinnar væri á kröfum þess eðlis að eðlilegt væri að leita aðstoðar varnarliðsins í viðureigninni við Breta. Hann svaraði að hvorki í átökunum við Breta árið 1958 né 1972 hefði verið leitað til varnarliðsins og væri það ekki í burðarliðnum í þetta skiptið. Geir sagði að ríkisstjórnin gerði sér líka fullkomlega grein fyrir því að þó svo að við settum ákveðið traust á Atlantshafsbandalagið og þátttöku í því gæti bandalagið ekki fyrirskipað öðru ríki innan þess aðgerðir eða aðgerðaleyfi. Íslendingar vilji ekki láta önnur ríki segja sér fyrir verkum og því síður Bretar.<sup>20</sup>

Skömmu áður en samningaviðræður áttu sér stað í Chequers, sveitasetri breskra forsætisráðherra, og Downing-stræti 10 áttu forsætisráðherrarnir í bréfaskiptum. Í bréfi frá Wilson segir hann að það sé þjóðunum mikið kappsmál að ná fram sáttum. Bretar hafi skipað svo fyrir að allar freigátur og Nimrod-flugvélarnar fari út fyrir 200 mílna landhelgina svo unnt sé að sýna fram á velvild bresku ríkisstjórnarinnar í komandi samningaviðræðum. Þá gengi hann út frá því að Íslendingar myndu kalla varðskip sín til baka meðan á viðræðum stæði. Að þessu sögðu bauð hann Geir til viðræðna við sig í

<sup>18</sup> „Viðræður við NATO-ríki – Luns til Íslands – Fastaráð til fundar“ *Morgunblaðið*, 9. janúar 1976, bls. 28.

<sup>19</sup> „Slit stjórn málasambands verði flotinn ekki kallaður brott“ *Morgunblaðið*, 17. janúar 1976, bls. 1.

<sup>20</sup> „Sýnum þolinmæði og þolgæði“ *Morgunblaðið*, 17. janúar 1976, bls. 3.

Chequers.<sup>21</sup> Wilson lét fylgja álitserð breskra vísindamanna um ástand þorsstofnsins á Íslandsmiðum. Í þessari álitserð kom fram að mati Wilsons að það væri ánægjulegt að sjá að að þorskaflinn hafi haldist nokkuð stöðugur undanfarin ár en vissulega væri það áhyggjuefni að stærð hrygningarstofnsins færi minnkandi. Breskir og íslenskir vísindamenn væru sammála að það þyrfti að stöðva minnkun hrygningarstofnsins. Samkvæmt þessari álitserð væri kominn grundvöllur til viðræðna.<sup>22</sup> Geir fagnaði þessu bréfi Wilsons en sagði þó ekki annað koma til greina en að viðhalda íslenskum lögum á fiskimiðunum og því væri nær að kalla breska togara úr landhelginni auk herskipanna. Við þetta bætti hann að þó svo að þorskaflinn hefði verið stöðugur væri það einfaldlega vegna aukinnar sóknar. Að þessu rituðu þáði hann boðið um samningaviðræður.<sup>23</sup>

Grundvöllur viðræðna Breta og Íslendinga í Lundúnum var af Íslands hálfu meðal annars þessi:

1. the need for conservation measures, 2. the preferential rights of the Icelanders, and 3. to what extent British fishermen could be granted access to harvest a very limited quantity of fish off Iceland for some period of time.

Any possible agreement would also have to contain provisions giving some kind of recognition of Iceland's jurisdiction over the 200-mile zone, the number of vessels, fishing areas, conservation measures such as the minimum mesh sizes and the minimum size of cod, the entering into effect of Protocol 6 of the agreement between Iceland and the European Economic Community.<sup>24</sup>

Viðræðurnar snerust að mörgu leyti um hvort samkomulag gæti náðst um þessi mál. En mikilvægast var þó að komast að samkomulagi um veiðiheimildir Breta á Íslandi. Bretar bentu á að miklar sveiflur væru á aflatölum sem fiskifræðingar teldu leyfilegt að veiða. Í október 1975 sögðu íslenskir fiskifræðingar ekki fært að veiða meira en 230 þúsund tonn. Í nóvember sama ár unnu fiskifræðingar Breta og Íslendinga að skýrslu saman þar sem heildartalan var komin upp í 250–265 þúsund tonn. Þann 20. janúar skiluðu breskir fiskifræðingar skýrslu þar sem þeir töldu líklegt að veiða mætti

---

<sup>21</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Frétt frá forsætisráðuneytinu. Áður en Geir Hallgrímsson, forsætisráðherra fór til viðræðna við Harold Wilson, forsætisráðherra, skiptust þeir á hjálögðum orðsendingum. Reykjavík, 24. janúar 1976, bls. 1–2.

<sup>22</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Álitserð breskra vísindamanna og embættismanna varðandi verndun þorsstofna, bls. 1–3.

<sup>23</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Orðsending til forsætisráðherra Bretlands frá forsætisráðherra Íslands, 23. janúar 1976.

<sup>24</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneytið, 1989 B/174 4 Statement by the Prime Minister, Mr. Geir Hallgrímsson, on the talks with the British Government. February 3, 1976, bls. 3.

300 þúsund tonn. Þrátt fyrir þetta misræmi í aflatölum voru fiskifræðingar beggja landa sammála um að ef ekkert yrði að gert væri stofninn í hættu.<sup>25</sup>

Skömmu fyrir komu íslensku sendinefndarinnar til Chequers rifust fulltrúar breska utanríkisráðuneytisins og landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins um samningsstöðu Breta gagnvart sendinefndinni íslensku og hvernig skyldi nálgast hana. Hæst bar á kvörtunum Callaghans og Hattersleys. Sá síðarnefndi hafði átt í samningaviðræðum við Íslendinga áður og sagði að Íslendingar væru einstaklega harðir í samningum og oft á tíðum afar þrjóskir. Harold Wilson kom til Chequers rétt áður en Íslendinga bar að garði.<sup>26</sup>

Ólíkt íslensku blöðunum, sem voru nánast daglega í nokkur ár uppfull af fréttum og fréttaleysi um þorskastríðin og fylgst var grannt með gangi mála á öllum samningafundum, sýndu bresku blöðin samningafundum Breta og Íslendinga lítinn sem engan áhuga. Harold Wilson hafði það á orði að honum þætti heldur aamt af breskum fjölmiðlum að fjalla ekki frekar um gang mála.<sup>27</sup> Skömmu fyrir fundinn höfðu bresku blöðin verið ansi ómyrk í máli og töldu flestöll bresku blöðin um mikinn ósigur Breta að ræða önnur sögðu að uppgjöf Breta væri algjör og þau í raun kepptust um að hneykslast á gangi mála.<sup>28</sup>

Wilson fannst Íslendingar vera óáreiðanlegir í samningum og ekki hægt að treysta á loforð Íslendinga. Hann nefndi þar sem dæmi að meðan á samningaviðræðunum stóð voru íslensk varðskip farin að angra bresk fiskveiðiskip.<sup>29</sup>

### 3. Viðræðurnar í Lundúnum

Samninganefndir Íslands og Bretlands hittust í Lundúnum dagana 24.–27. janúar árið 1976 til að reyna finna samkomulag í fiskveiðideilu landanna.

#### Þátttakendur Íslands voru:

Geir Hallgrímsson forsætisráðherra

Niels P. Sigurðsson sendiherra

Hans G. Andersen sendiherra

Þórarinn Þórarinsson alþingismaður

<sup>25</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneytið, 1989 B/174 4 Statement by the Prime Minister, Mr. Geir Hallgrímsson, on the talks with the British Government. February 3, 1976, bls. 3–4.

<sup>26</sup> Bernard Donoghue: *Downing Street Diary, with Harold Wilson in no.10*, bls. 641–642.

<sup>27</sup> Bernard Donoghue: *Downing Street Diary, with Harold Wilson in no.10*, bls. 643.

<sup>28</sup> „Uppgjöf segja brezk blöð í fyrrisögnum“ *Morgunblaðið*, 21. janúar 1976, bls. 1 og 31.

<sup>29</sup> Bernard Donoghue: *Downing Street Diary, with Harold Wilson in no.10*, bls. 646.

Guðmundur H. Garðarsson alþingismaður

Björn Bjarnason skrifstofustjóri

Einar Ingvarsson ráðunautur

Jón Jónsson fiskifræðingur

Jakob Jakobsson fiskifræðingur

Sigfús Schopka fiskifræðingur

Helgi Ágústsson sendiráðsritari

**Pátttakendur Bretlands voru:**

Harold Wilson forsætisráðherra

James Callaghan utanríkisráðherra

Fred Peart landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra

Roy Hattersley aðstoðarutanríkisráðherra

Edward Bishop aðstoðarlandbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra

Kenneth East sendiherra

Frank Brenchley skrifstofustjóri forsætisráðherra

John Moss ráðuneytisstjóri landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins

Janet Hewlett-Davies ritari forsætisráðherra

R.A. Burrows frá utanríkisráðuneytinu

David Anderson frá utanríkisráðuneytinu

Tom McCaffrey frá utanríkisráðuneytinu

A.J. Lee frá landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytinu

P.R.H. Wright<sup>30</sup>

Eftir að hádegisverði lauk þar sem óformleg mál höfðu verið rædd hófust formlegir fundir viðræðunefndanna klukkan 15:00. Wilson forsætisráðherra byrjaði á því að lýsa yfir áhyggjum sínum á hversu alvarlegt ástand málsins væri í raun, hér væri um mikið tilfinningamál að ræða og nauðsynlegt að bæði Íslendingar og Bretar gerðu sér grein fyrir alvöru málsins. Þá vitnaði hann í langa vináttu þjóðanna og kvaðst vona að viðræður þessar leiddu til lausnar á vandamálinu.

Þá tók Geir til máls og þakkaði Wilson fyrir að gefa sér tækifæri til að skýra málstað Íslands, með það að leiðarljósi að kanna möguleika á hugsanlegri lausn

---

<sup>30</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Skýrsla um viðræður forsætisráðherra Íslands og Bretlands dagana 24.–27. janúar 1976 vegna fiskveiðideilu Breta og Íslendinga, bls. 1–2.

fiskveiðideilunnar. Geir tók í sama streng og kollegi sinn og sagðist vona að hægt væri að ná viðunandi grundvelli lausnar á þessu máli.

Eftir að forsætisráðherrarnir höfðu heilsast með virktum hófust viðræður á ögn alvarlegri nótum. Geir vitnaði í fund sem hann hafði átt með Wilson í júnímánuði árið áður. Þar hefðu báðar ríkisstjórnir stutt hugmyndina um 200 mílna efnahagslögsögu og það hefði einnig komið fram á hafréttarráðstefnunni í Genf árið áður, en þar höfðu legið fyrir skýrslur sem gáfu strandríkjum óháðan rétt til að ákvarða hversu mikið magn af fiski innan 200 mílna hafsvæðisins mætti veiða án þess að skerða stofninn og hvort strandríkið gæti sjálft veitt hið leyfilega magn. Að mati íslensku nefndarinnar var ekki um neinn umframafla að ræða, Íslendingar gætu veitt allan þann afla sem stofnarnir við Ísland þyldu og jafnvel væri til athugunar að leggja af þriðjung togara- og fiskiskipaflota Íslands. Íslendingar mættu því ekki við að sjá af neinum afla til annarra þjóða. Útflutningur Íslands væri það smár í sniðum af öðrum vörum en fiski, fiskur og sjávarafurðir væru 80% af öllum útflutningsvörum íslensku þjóðarinnar. Einnig væri um erfiða samkeppnisstöðu Íslands að ræða þar sem aðrar þjóðir veittu styrki til útgerðar auk hárra verndartolla á sjávarafurðum í einhverjum tilfellum, þetta var aðallega innan EBE-ríkjanna.

Geir vonaðist til að breska ríkisstjórnin myndi sýna þessum sjónarmiðum Íslands skilning en á sama tíma sagði Geir að honum væri vel ljóst að fiskimenn í bæði Hull og Grimsby yrðu fyrir erfiðleikum væru þeir útilokaðir frá veiðum á Íslandsmiðum. Geir ræddi síðan möguleika á bráðabirgðasamkomulagi milli þjóðanna, þar sem yrði tekið fullt tillit til forgangsréttar Íslendinga, friðunarsjónarmiða og möguleikans á því að veita breskum fiskimönnum aðstöðu til að veiða innan íslenskrar lögsögu í takmarkaðan tíma. Hann benti á að samkvæmt skýrslu frá íslenskum fiskifræðingum frá því í október voruðu þeir við því að ástand fiskstofnanna við Ísland stæði ansi höllum fæti. Geir benti líka á ósamræmi í tölum breskra fiskifræðinga um ástand þorsstofnsins frá því sl. haust og nú. Geir lagði til að fiskifræðingar frá Íslandi og Bretlandi myndu skila inn sameiginlegri skýrslu um ástand þorsstofnsins. Þá ræddi hann um þá staðreynd að báðar ríkisstjórnir hefðu verið á sama máli á hafréttarráðstefnunni í Genf. Að lokum vonaðist Geir til að bresku togararnir myndu hafa hægt um sig á íslensku miðunum, að minnsta kosti á meðan þessar viðræður stæðu yfir.<sup>31</sup>

---

<sup>31</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Skýrsla um viðræður forsætisráðherra Íslands og Bretlands dagana 24.–27. janúar 1976 vegna fiskveiðideilu Breta og Íslendinga, bls. 2–3.

Wilson sagði að hafréttarráðstefnunni væri ekki formlega lokið og taldi Íslendinga með framhleypli sinni hafa þjófstartað með útfærslu í 200 sjómílur. En það var ekki á umræðuborðum í þessum viðræðum heldur var ætlunin að fjalla um framtíðina og aðalatriðið var að reyna komast að lausn sem báðar þjóðir gætu lifað við. Wilson sagði Breta gera allt sem í þeirra valdi stæði til að kæla andrúmsloftið á miðunum. Þá tók hann heilshugar undir þá tillögu Geirs að fiskifræðingar landanna myndu vinna saman að skýrslu um bágt ástand þorskstofnsins. Það væri mjög hættulegt fyrir framtíðina ef ofveiði hefði átt sér stað.<sup>32</sup>

Geir ræddi um hvílfka eyðileggingu íslensks efnhags væri að ræða ef skýrslur fiskifræðinganna væru réttar. Um 50% af útflutningi íslenskra sjávarafurða væri þorskur og afurðir unnar úr þorski. Þannig að ef um mikla rýrnun eða jafnvel eyðileggingu þorskstofnsins væri að ræða væri það vitaskuld gríðarlega alvarlegt mál. Að þessu sögðu taldi Geir því mikilvægara að Bretar viðurkenndu útfærsluna, forgangsrétt íslensku þjóðarinnar og friðunarsjónarmiðin. Hér væri lífsviðurværi heillar þjóðar í húfi. Geir sýndi með ótvíræðum hætti fram á að hann sem forsætisráðherra Íslands væri tilbúinn að sýna fram á liðleika Íslands í viðræðunum er hann stakk upp á því að Bretar fengju heimild til að veiða aðrar fisktegundir en þorsk. Hann stakk einnig upp á því að íslensk fiskiskip lönduðu ísfiski í Bretlandi til að lífga upp á atvinnuástandið í breskum fiskihöfnum sem myndu finna hvað harðast fyrir ástandinu á Íslandsmiðum. Geir benti líka á að Íslendingar keyptu mun meira af breskum vörum en Bretar af Íslendingum, hlutfallið væri 7:4. Þá mætti athuga hvort Íslendingar gætu ekki beint kaupum á iðnaðarvörum frá breskum fiskibæjum.<sup>33</sup>

Harold Wilson og breska samninganefndin voru að mörgu leyti efins um áætlanir Íslendinga hvað varðaði friðunarsjónarmiðin. Bretar ályktuðu sem svo að friðunarsjónarmið Íslendinga væru ef til vill sprottin upp sem afsakanir Íslendinga fyrir útfærslu landhelginnar. Geir svaraði af mikilli röggsemi og sagði að ef til vill hefðu Íslendingar ekki tekið friðunarsjónarmiðin nægjanlega föstum tókum hingað til og benti á að þrátt fyrir að aflamagnið hefði haldist svo til óbreytt á undanförunum árum, væri það einungis komið til vegna aukinnar sóknar á miðunum. Það væri ein af ástæðunum fyrir útfærslunni nú, ef ekkert væri að gert myndi þorskstofninn við Ísland hverfa. Þessu til

---

<sup>32</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Skýrsla um viðræður forsætisráðherra Íslands og Bretlands dagana 24.–27. janúar 1976 vegna fiskveiðideilu Breta og Íslendinga, bls. 3–4.

<sup>33</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Skýrsla um viðræður forsætisráðherra Íslands og Bretlands dagana 24.–27. janúar 1976 vegna fiskveiðideilu Breta og Íslendinga, bls. 4.



stuðnings benti hann á að 10 árum áður hefði síldin horfið af Íslandsmiðum vegna ofveiði.

Callaghan sagði að Bretar viðurkenndu friðunarsjónarmiðin og forgangsrétt Íslendinga en spurði hvort hluti af útfærslunni væri tilkomin vegna þess að Íslendingar ætluðu sér allt sjálfir. Geir sagði að það væri ekki um neinn umframafla að ræða.

Wilson spurði Geir hvað honum fyndist um að fá hlutlausan aðila til sáttasamninga. Geir sagði að hann kysi heldur tvíhliða viðræður en sáttasemjara og undir þetta tók Wilson.<sup>34</sup>

Fred Peart og James Callaghan kváðu bresku stjórnina hafa einlægán áhuga á að ná samkomulagi til langs tíma. Geir og Hans G. Andersen voru síður reiðubúnir að semja til langs tíma og töldu að reglurnar um takmörkun fiskveiðitakmarka tækju gildi um leið og undirskrift hafréttarsáttmálans færi fram, væntanlega í árslok eða í byrjun árs 1977. Callaghan ítrekaði að nýrrar stefnu EBE í sjávarútvegsmálum væri að vænta og þá við EBE að eiga. Geir sagði að það væri áhætta sem Íslendingar væru fúsir að taka. Íslendingar væru ekki reiðubúnir að semja til langs tíma.

Eftir stutt fundarhlé með tilheyrandi tedrykkju lagði Geir þrennt til: Fiskifræðingarnir ynnu að skýrslu þar sem fram kæmu mismunandi sjónarmið ríkjanna. Lögfræðilegir ráðunautar ríkjanna reyndu að gera tillögur um orðalag á viðurkenningu Breta á útfærslunni. Allir úr samninganefndum ríkjanna ynnu að gildistíma hugsanlegs samkomulags og önnur atriði sem kæmu til greina í samkomulaginu. Þessu var breska samninganefndin sammála og ákveðið var að nefndirnar myndu hittast aftur í Downingstræti 10 á mánudagsmorgun klukkan 11:00.<sup>35</sup>

Fundur hófst því að nýju klukkan 11 að morgni mánudags 26. janúar 1976 og fyrir lágu skýrslur fiskifræðinga og lögfræðiráðunauta. Umræður hófust um skýrslur fiskifræðinganna. Bresku vísindamennirnir töldu að TAC<sup>36</sup> við Ísland næstu tvö árin væru 300 þúsund tonn en íslensku vísindamennirnir voru með 230 þúsund tonn á ársgrundvelli. Callaghan taldi að ekki væri óraunhæft að miða við tölur íslensku fiskifræðinganna svo þorsstofninn næði að halda velli. Jón Jónsson fiskifræðingur taldi að ef veitt yrði undir 230 þúsund tonnum árlega gæti stofninn aukist upp í 450–500

---

<sup>34</sup> Þí. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Skýrsla um viðræður forsætisráðherra Íslands og Bretlands dagana 24.–27. janúar 1976 vegna fiskveiðideilu Breta og Íslendinga, bls. 5.

<sup>35</sup> Þí. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Skýrsla um viðræður forsætisráðherra Íslands og Bretlands dagana 24.–27. janúar 1976 vegna fiskveiðideilu Breta og Íslendinga, bls. 5–6.

<sup>36</sup> TAC = total allowable catch (á íslensku: leyfilegur heildaraflí).

þúsund tonn um 1980. Tonnatölurnar voru ræddar fram og til baka og lagði Geir enn áherslu á forgangsrétt strandríkisins, sem Bretar viðurkenndu að minnsta kosti í orði.

Geir sagði að íslenska ríkisstjórnin yrði að leggja hugsanlegt samkomulag við Breta fyrir Alþingi. Wilson sagði að samningsniðurstöðurnar yrðu að vera í þannig umbúðum að hann gæti selt þær. Wilson og Callaghan töldu að sá samningur sem væri í burðarliðnum væri Íslendingum mun hagstæðari enda þar um skammtímasamning að ræða og Bretar hefðu því takmarkaðan tíma til veiða á miðunum.<sup>37</sup> Því næst var rætt um aflatölur fram og aftur og taldi Hans G. Andersen rétt að ganga út frá þeirri staðreynd að strandríki sem væri algjörlega háð fiskveiðum nyti forgangs í aflaheimildum. Einungis umframafla rynni til annarra. Þetta hefði komið fram í niðurstöðum á Genfarfundinum árið 1958. Þá hefði það verið samningsatriði en nú væri um skilyrðislausan ákvörðunarrétt strandríkis að ræða.<sup>38</sup>

Áfram héldu viðræðurnar um tonnatölur og magn. Callaghan sagði Breta viðurkenna forgangsrétt Íslendinga á miðunum. Hann sagði að Bretar hefðu tekið miklu meiri afla á Íslandsmiðum áður fyrr og kvað Breta tilbúna til samvinnu við Íslendinga um friðunarsjónarmið og vonaðist til að Íslendingar mætu þennan vilja Breta og innti einnig eftir nauðsyn þess að viðhalda vináttu landanna. Hann sagði að eðlilega þyrftu Bretar aðlögunartíma til að mæta breyttum aðstæðum.

Síðan var rætt um hvernig mætti skipta auðlindunum og prósentureikningar Wilsons fóru ekki vel í Geir. Callaghan vitnaði í orð Matthíasar Bjarnasonar, sjávarútvegsráðherra Íslands, um 280 þúsund tonna ársafla árin 1976–1977. Wilson reiknaði út miðað við þorskafla árið 1974, þar sem gengið var út frá 265 þúsund tonna heildarafla (TAC), ættu Íslendingar að veiða 163 þúsund tonn, Bretar 82 þúsund tonn og aðrir 20 þúsund tonn. Miðað við þorskafla árið 1975 átti afli Íslendinga að vera 171,5 þúsund tonn, afli Breta 73,5 þúsund tonn og annarra 20 þúsund tonn. Geir benti réttilega á að miðað við þessa útreikninga Wilsons ætti þorskafla Íslendinga að minnka um 75 þúsund tonn ef miðað væri við 1974 og 68,5 þúsund tonn ef miðað væri við 1975 aflann. Á sama tíma minnkaði afli Breta um 35 þúsund tonn ef miðað væri við 1974 og um 26,5 þúsund tonn ef miðað væri við aflann árið 1975. Þetta væru óraunhæfar tölur af

---

<sup>37</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Skýrsla um viðræður forsætisráðherra Íslands og Bretlands dagana 24.–27. janúar 1976 vegna fiskveiðideilu Breta og Íslendinga, bls. 7–8.

<sup>38</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Skýrsla um viðræður forsætisráðherra Íslands og Bretlands dagana 24.–27. janúar 1976 vegna fiskveiðideilu Breta og Íslendinga, bls. 8.

Íslands hálfu. Geir benti á að þessi aflalækkun myndi hafa töluvert minni áhrif á breskan efnahag heldur en íslenskan, jafnvel þótt Edward Bishop, aðstoðarlandbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra teldi að miðað við þessar tölur myndu 400–500 breskir sjómenn missa vinnu sína, það yrði að leggja 20–25 togurum og 2500 manns í landi yrðu atvinnulausar. Það væri alveg ljóst að þessar tölur myndu koma hlutfallslega verr niður á Íslendingum. Geir taldi að aflaminnkun ætti frekar að vera reiknuð út eftir kanadísku reglunni sem gerði ráð fyrir því að dregið væri úr sókn útlendinga um 50% en Ísland myndi þá halda sínum afla. Geir benti á Íslendingar hefðu ekki fjárhagslegt bolmagn til að veita fiskiðnaðinum styrki og kæmi til mikils niðurskurðar og aflaminnkunar Íslands yrði hreinlega að leggja niður hluta fiskiskipaflota Íslands.<sup>39</sup>

Eftir frekari umræður um tonnatölur og aflamagn kom örlítið annað hljóð í strokkinn. Callaghan sagði blákalt að þorskveiðar Íslendinga yrðu mun minni án samkomulags við Breta. Bretar myndu halda áfram að veiða undir herskipavernd og taka að minnsta kosti 120 þúsund tonn af þorski á ársgrundvelli, jafnvel meira.

Geir sagði að Bretar ættu að hafa meiri áhyggjur af því að ná samkomulagi við Ísland. Það væri kostnaðarsamt að halda úti herskipaflota, hjálpar- og dráttarbátum til að vernda breska togara. Geir nefndi að í samkomulagi við Vestur-Þjóðverja hefði þorskafla þeirra verið skorinn niður úr 20–25 þúsund tonnum á ársgrundvelli í 5 þúsund tonn. Í staðinn fengju Þjóðverjar að veiða karfa og ufsa. Geir lagði til að hægt væri fyrir íslensk skip að landa í Grimsby og Hull til að sporna við hugsanlegu atvinnuleysi. Þá bauð Geir Bretum að veiða karfa og ufsa í staðinn fyrir þorsk. Wilson sagði ekkert að því að veiða aðrar tegundir til viðbótar við þorskafla Breta, ef niðurskurður á prósentugrundvelli miðað við aflamagn t.d. árin 1974 og 1975 kæmu til. Geir sagði Íslendinga ekki geta viðurkennt slíka prósentureikninga og vitnaði í forgangsrétt strandríkja. Wilson sagðist frekar vilja veiða eins og undanfarið þrátt fyrir klippingar íslensku varðskipanna.

Hérna var komið ákveðið bil sem strembið væri að brúa.<sup>40</sup> Samninganefndirnar hittust aftur á þriðjudagsmorgni í Downing-stræti 10 eftir langan og erfiðan fund daginn áður. Geir spurði bresku nefndina hvaða skilning hún legði í forgangsrétt strandríkis. Hann taldi slíkan skilning ekki hafa komið til skila af Breta hálfu. Callaghan svaraði að

---

<sup>39</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Skýrsla um viðræður forsætisráðherra Íslands og Bretlands dagana 24.–27. janúar 1976 vegna fiskveiðideilu Breta og Íslendinga, bls. 8–10.

<sup>40</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Skýrsla um viðræður forsætisráðherra Íslands og Bretlands dagana 24.–27. janúar 1976 vegna fiskveiðideilu Breta og Íslendinga, bls. 10–11.

skilningur Breta hefði ávallt komið fram við undirritun hvers samnings því aflamagn Breta færi sífelld minnkandi.

Wilson stakk upp á að Íslendingar veiddu 170 þúsund tonn á ársgrundvelli en Bretar 80 þúsund tonn og nefndi þessu til stuðnings að Bretar hefðu byrjað á kröfu um 130 þúsund tonn. Geir taldi þessar tölur vera allt of háar ef mark væri tekið á viðurkenningu Breta á forgangsrétti strandríkis og friðunarsjónarmiðum. Wilson sagði að sér hefði dottið í hug eftirfarandi: Íslendingar ákvarða heildaraflann og Bretar hljóta ákveðna prósentu af honum sem Íslendingar ákveða og hluti Breta færi hvorki lægra né hærra en ákveðin mörk af heildaraflanum. Ef gengið væri út frá 230 þúsund tonna heildarafla ætti hlutur Breta að vera 30% eða um 69 þúsund tonn. Geir sagði að það bæri ekki mikið á milli aðilanna til að ná samkomulagi sem væri báðum aðilum hagstætt.

Wilson sagði að þrátt fyrir að Bretar samþykktu friðunarsvæðin mættu þau ekki vera svo víðtæk að erfitt væri fyrir Breta að ganga að þeim. Þrátt fyrir að svo stutt væri í samkomulag þjóðanna bentu Bretar á að tíminn væri naumur og einhver alvarleg atvik á miðunum gætu leitt til þess alvarlega ástands sem þar ríkti fyrr í mánuðinum.

Wilson sagði að ef til alvarlegra átaka kæmi á miðunum myndu Bretar ekki tvínóna við að senda herskipaflotann og flugvélnar aftur á miðin til aðstoðar togurunum. Geir svaraði að það væri himinn og haf á milli þess að nota dráttarbáta og hjálparskip til aðstoðar togurunum en að beita breska flotanum og flughernum væri forkastanlegt. Geir sagðist mótmæla harðlega ef til flotaíhlutunar kæmi. Wilson lagði áherslu á að báðir aðilar skyldu fara sér hægt á þessum viðsjárverðu tímum, nú þegar svo stutt væri í að samningar næðust. Að lokum sagði Wilson að Bretar áskildu sér fullan rétt til þess að nota hvaða tæki sem er til verndar bresku togurunum.<sup>41</sup>

### **3.a Reglur og regluleysi**

Ef gert væri ráð fyrir því að heildarafli á Íslandsmiðum árin 1976–1977 yrði 265 þúsund tonn og aðrar þjóðir fengju heimild til að veiða 20 þúsund tonn stæðu eftir 245 þúsund tonn. Afli Íslands undanfarin ár hefði verið 240 þúsund tonn. Ýmsar leiðir um hvernig unnt væri að skipta þessum 245 þúsund tonnum milli Breta og Íslendinga voru ræddar.

---

<sup>41</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Skýrsla um viðræður forsætisráðherra Íslands og Bretlands dagana 24.–27. janúar 1976 vegna fiskveiðideilu Breta og Íslendinga, bls. 12–13.

**Kanadíska reglan:** Samkvæmt þessari reglu yrði afli strandríkis óbreyttur, þ.e. 245 þúsund tonn þannig að samkvæmt þessari reglu væri hlutur Breta 5 þúsund tonn. Það er augljóst að samkvæmt þessari reglu er ekki grundvöllur til samninga milli þjóðanna.

**Prósentureglan:** Samkvæmt þessari reglu myndu Íslendingar og Bretar deila aflaryrnnun í sömu hlutföllum og afli þeirra var árið 1975. Þá var þorskaflí Íslendinga um 240 þúsund tonn en þorskaflí Breta um 100 þúsund tonn á Íslandsmiðum. Samkvæmt þessari reglu myndi hlutur Íslands rýrna um 67 þúsund tonn og yrði 173 þúsund tonn sem gerði 27,9% aflaminnkun. Aflaminnkun Breta næmi 28 þúsund tonnum en þó ekki nema 11,2% af heildarafla Breta sem var um 250 þúsund tonn árið 1975 með veiðum í Barentshafi, 100 þúsund tonn og 50 þúsund tonn í Norðursjó. Þessi regla gæti því ekki leitt til lausnar á fiskveiðideilunni.<sup>42</sup>

### 3.b Klipping á versta tíma

Á meðan sendinefndir þjóðanna voru að reyna að ná samkomulagi varð hasar á Íslandsmiðum. Fréttir af fiskimiðunum girtu, a.m.k. í þessari lotu, fyrir það að samningar næðust því á meðan fundur ráðherranna stóð yfir klippti Týr, hið nýja flaggskip Landhelgisgæslunnar, á togvíra bresks togara. Þegar Wilson heyrði þau tíðindi fölnaði hann upp en Callaghan varð rauður í framan eins og karfi.<sup>43</sup> Geir Hallgrímsson og hans stuðningsmenn grunuðu Ólaf Jóhannesson um að hafa látið klippa vísvitandi á togarann á þessum viðkvæma tímamarki í samningaferlinu. Ástæðuna töldu þeir vera þá að Ólafur óttaðist að staða Geirs og í raun Sjálfstæðisflokksins myndi styrkjast enn frekar á Íslandi ef svo færi að hagstæðir samningar myndu nást um lok þriðja þorskastríðsins.<sup>44</sup> Þó má að vissu leyti segja að Ólafur hafi bara verið að sinna sinni vinnu. Því í viðtali sem birtist við Ólaf í Þjóðviljanum þann 21. janúar árið 1976 segir hann: „Fyrirmæli okkar til landhelgisgæslunnar verða í engu breytt, þótt bresku herskipin fari út fyrir 200 mílurnar. Ég heyrði sjálfur Geir, forsætisráðherra, segja það að íslenskum lögum yrði haldið upp í 200 mílna lögsögunni sem áður.“<sup>45</sup> Svo má auðvitað færa fyrir því rök að hann hefði getað litið fram hjá þessum landhelgisbrjót í

<sup>42</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Skýrsla um viðræður forsætisráðherra Íslands og Bretlands dagana 24.–27. janúar 1976 vegna fiskveiðideilu Breta og Íslendinga, fylgiskjal II

<sup>43</sup> Guðni Thorlacius Jóhannesson: *Sympathy and Self-Interest. Norway and the Anglo-Icelandic Cod Wars*, bls. 116.

<sup>44</sup> Guðni Thorlacius Jóhannesson: *Sympathy and Self-Interest. Norway and the Anglo-Icelandic Cod Wars*, bls. 117.

<sup>45</sup> „Engin breytt fyrirmæli til gæslunnar“ *Þjóðviljinn*, 21. janúar 1976, bls. 1.

þetta skiptið. Þennan sama dag hafði *Þjóðviljinn* eftir James Callaghan, utanríkisráðherra Breta, að færi svo að eitt íslenskt varðskip áreitti bresku fiskiskipin myndi herflotinn koma aftur á Íslandsmið. Breski ráðherrann tók fram að honum skildist á Joseph Luns, framkvæmdastjóra NATO, að bresku skipin fengju að veiða óáreitt meðan á samningaviðræðum stæði.<sup>46</sup>

Klippingin hjá varðskipinu *Tý* meðan á samningaviðræðunum stóð vakti mikla athygli breskra fjölmiðla. Fréttin var aðalfrétt *BBC* sjónvarpsins og *ITV* sjónvarpsstöðvarinnar. Klippingin jók ekki beint samúð með málstað Íslands, nema síður væri. Það þótti með ólíkindum að þessi atburður skyldi eiga sér stað meðan á viðræðunum stóð. Er Wilson frétti af klippingunni gaf hann út tilkynningu til togaranna að þeir skyldu hætta veiðum í bili en halda sig á miðunum. Vegna óróa í breska togarafлотanum var togurunum tilkynnt að þeir héldu veiðum áfram á sína eigin ábyrgð og að þeim bæri að hífa veiðarfæri sín ef varðskipin gæfu fyrirmæli um það.<sup>47</sup>

Bresk blöð gerðu því skóna að Wilson forsætisráðherra hefði forðað því að viðræðurnar hefðu farið út um þúfur með fyrirmælum til bresku togaranna um að hætta veiðum í kjölfar klippingar *Týs*. Í *Guardian* birtist grein þar sem segir að atburðirnir á miðunum hafi valdið báðum aðilum erfiðleikum og fyrir síðasta fundinn í Downingstræti 10 hafi samninganefndirnar í raun verið búnar að gefa upp á bátinn alla von um lausn. Þá segir einnig í fréttinni að Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra og yfirmaður Landhelgisgæslunnar, hafi beitt aðferðum sem miðuðu að því að koma í veg fyrir hvers konar samninga sem Geir Hallgrímsson hefði viljað gera. Geir Hallgrímsson skipaði svo fyrir að íslensku varðskipin skyldu hafa hægt um sig og ekki klippa, en þau fyrirmæli komu örfáum mínútum of seint. Einnig var talið að vegna þrýstings frá Íslandi hafi íslenska samninganefndin þurft að lækka niðurskurðinn úr 65 þúsund tonnum í mun lægri tölu sem Bretar gátu ekki sætt sig við. Báðir forsætisráðherrarnir voru furðu lostnir yfir klippingunni.<sup>48</sup>

Í kjölfar þess að íslenska varðskipið *Týr* klippti á veiðarfæri breska togarans *Boston Blenheim* sendi Wilson, forsætisráðherra Bretlands, út þá tilkynningu að bresku togararnir skyldu hætta veiðum og hafa sig á brott. Er þessi tilkynning var gefin út sátu

<sup>46</sup> „Herskipin farin út fyrir“ *Þjóðviljinn*, 21. janúar 1976, bls. 1.

<sup>47</sup> „Óvíst er um samkomulagsgrundvöll“ *Morgunblaðið*, 27. janúar 1976, bls. 1 og 35.

<sup>48</sup> „Almenningsálitið réð klippingunni. Klippingin kom báðum aðilum á óvart“ *Morgunblaðið*, 28. janúar 1976, bls. 3.

forsætisráðherrar þjóðanna að hádegisverði í fundarhléi og almennt var talið að Wilson hafi verið fjúkandi reiður en sýnt stillingu með þessum hætti.<sup>49</sup>

Guðmundur Kjærnested, skipherra á varðskipinu *Tý*, gaf nokkuð greinargóða lýsingu á atvikinu en hann sagði að vegna tilmæla frá dómsmálaráðuneytinu skyldi hefja klippingar hjá Bretunum. Skömmu síðar kom annað skeyti en nú frá forsætisráðuneytinu þar sem varðskipin voru beðin um að sýna stillingu og að ekki skyldi klippt í bili þar sem viðræðufundur milli þjóðanna stæði yfir. Að morgni 26. janúar barst heimild til klippinga ef á þyrfti að halda. Eftir að hafa skipað togurunum að hífa og sigla út fyrir 200 mílurnar var ljóst að einhver maður var í mysunni. Þarna voru fjögur aðstoðarskip; *Lloydsman*, *Euroman*, *Miranda* og *Hausa*. Hið síðastnefnda mótmælti fyrirmælum varðskipanna en *Lloydsman* fyrirskipaði togurunum að hífa upp og bíða. Skömmu eftir hádegi flaug *TF-Sýr*, flugvél Landhelgisgæslunnar, yfir miðin og sá þar greinilega að einn togarinn, *Boston Blenheim FD 137*, var að toga. Þetta var skuttogari og gat þess vegna kastað án þess að varðskipin veittu því athygli. Guðmundur Kjærnested sagði klippinguna hafa tekist allvel, báðir vírarnir farið í sundur. Er varðskipið sendi skeyti til Landhelgisgæslunnar til að láta vita um klippinguna bárust varðskipunum, nánast samtímis skeyti þar sem stranglega var bannað að klippa á hjá bresku togurunum.<sup>50</sup>

Á þeim tíma er Geir Hallgrímsson og íslenska sendinefndin var stödd í Lundúnum birti blaðið *Daily Express* frétt þar sem sem fyrirsögnin var ‘the codfather in an icy mood’ og birti mynd af Geir með. Í greininni segir að allt bendi til þess að samningar muni ekki nást þar sem íslenski forsætisráðherrann sé í litlu skapi til samninga.<sup>51</sup>

### 3.c Hugleiðingar eftir fundinn

Harold Wilson sagði eftir fundinn dagana 24.–27. janúar árið 1976 að viðræður Breta og Íslendinga hefðu verið magnþrungnar og grafalvarlegar. Þá fór Wilson ekki leynt með það að hann taldi eina af ástæðum þess hversu harður í horn að taka Geir Hallgrímsson gat verið orsakaðist ef til vill af veikri stöðu hans sem forsætisráðherra. Þar átti hann við að það var fast sótt að honum frá stjórnarandstöðunni og jafnvel líka frá ráðherrum

<sup>49</sup> „Óvíst um samkomulagsgrundvöll“ *Morgunblaðið*, 27. janúar 1976, bls. 35.

<sup>50</sup> Sveinn Sæmundsson: *Guðmundur skipherra Kjærnested*, saga hatrammra átaka, taugastríðs og ofbeldisverka, bls. 194–195.

<sup>51</sup> „Örökstuddar getgátur um aflamagn“ *Morgunblaðið*, 27. janúar 1976, bls. 29. Vísunin í ‘Codfather’ hjá *Daily Express* er vísun í kvikmyndina *Godfather II* sem þá var í kvikmyndahúsum.

ríkisstjórnarinnar. Þrátt fyrir að drög að samkomulagi hefðu legið fyrir varð Geir ekki í rónni fyrr en hann hafði borið tilboð Breta undir ríkisstjórn sína og tekið málið fyrir á Alþingi. Bæði breski utanríkisráðherrann og samveldisráðherrann töldu tilboð Breta vera afar sanngjarnt fyrir Íslendinga og í raun með ólíkindum að Íslendingar skyldu ekki hafa samið þá og þegar. Þeir töldu íslenska fiskveiðiflotann einungis þurfa að færa örlitla fórn til skamms tíma á meðan breski fiskveiðiflotinn sæi fram á gjörbreytingu á sinni starfsemi til lengri tíma litið. Þar sem Bretar töldu afar ólíklegt að Íslendingar myndu ná samningum í bráð var ákveðið að senda breska herskipafлотann aftur á Íslandsmið og þar héldu íslensku varðskipin áfram ótrauð að hindra bresk fiskveiðiskip með ágangi og áreitni. Aukinn þrýstingur var settur á Breta frá NATO til að leysa fiskveiðideiluna á friðsamlegan hátt.<sup>52</sup> „There would be heavy NATO pressure on us to make concessions and we should be faced with the argument from our allies that NATO facilities in Iceland were worth far more than 10,000 or 20,000 tons of fish.“<sup>53</sup> Þar sem ágangur íslensku varðskipanna var svo mikill hafði breski fiskveiðiflotinn nánast ekkert fiskað í nærri 2 sólarhringa. Ef Geir gæfi ekki afsvar íslensku ríkisstjórnarinnar sem fyrst var tvennt í stöðunni hjá bresku ríkisstjórninni. Í fyrsta lagi að halda áfram með herskipavernd sína af fullum krafti eða greiða breskum sjómönnum bætur fyrir tap sem þeir urðu fyrir vegna ágangs íslensku varðskipanna. Að mati Breta vann tíminn með þeim þar sem mjög stutt var í hafréttarráðstefnuna og því mikilvægt fyrir Íslendinga að ná samkomulagi við Breta því allt eins gæti svo farið að Bretar fengju að veiða allt að 120 þúsund tonnum af þorski á Íslandsmiðum. „And without an agreement with us they could not obtain the more favorable access to Community markets which would be open to them under Protocol 6 of their agreement with the European Economic Community.“<sup>54</sup>

Tveimur árum eftir fundinn í Chequers sagði Harold Wilson að samninganefnd Breta hefði verið meðvituð um mikilvægi fiskveiða fyrir Íslendinga og hversu stór hluti íslensku þjóðarinnar væri háður fiskveiðunum. Þar að auki tiltók hann að lega landsins skipaði mjög mikilvægan sess í vörnum Atlantshafsbandalagsins á norðurslóðum. Wilson sagði líka að breska ríkisstjórnin hefði gert sér grein fyrir því að Íslendingar

---

<sup>52</sup> National Archives, London. CAB128/58. Fundargerð ríkisstjórnarfundar, 29. janúar 1976. bls. 5–7.

<sup>53</sup> National Archives, London. CAB128/58. Fundargerð ríkisstjórnarfundar, 29. janúar 1976. bls. 7.

<sup>54</sup> National Archives, London. CAB128/58. Fundargerð ríkisstjórnarfundar, 29. janúar 1976. bls. 7.



hefðu dregið úr sínum hámarksveiðiafla til að sporna við minnkun á þorsstofninum við Ísland.

Á þriðjudeginum voru báðir samningsaðilar að reyna að komast að samkomulagi með tonnatölum sem hentuðu báðum aðilum. Íslendingar lögðu hart að Bretum að samþykkja kanadísku leiðina sem hefði gefið Bretum 50 þúsund tonna afla á ári. Bretar töldu þessa leið ekki vera sanngjarna fyrir sig. Wilson reyndi aðrar leiðir til samkomulags. Hann sagði að ef heildarafla væri 265 þúsund tonn og búið væri að ráðstafa 15 þúsund tonnum til annarra þjóða, gætu Íslendingar veitt 170 þúsund tonn og Bretar fengju þá 80 þúsund tonn. Enn sem fyrr létu Íslendingar ekki segjast. Því næst prófaði Wilson prósentuáðferðina þar sem Íslendingar ákvarða heildaraflann og Bretar hljóta ákveðna prósentu af honum sem Íslendingar ákveða og hluti Breta fer hvorki lægra né hærra en ákveðin mörk af heildaraflanum.

Ef gengið væri út frá 230 þúsund tonna TAC ætti hlutur Breta að vera 28% sem gæfi Bretum að lágmarki 65 þúsund tonn og að hámarki 75 þúsund tonn og svo 10 þúsund tonn af öðrum fisktegundum. Íslendingar buðu nánast það sama nema lækkuðu hlut Breta úr tæpum 30% í 25% sem gæfi þá lágmarksafla 60 þúsund tonn. Breska samninganefndin spurði hversu lengi samningurinn ætti að standa og Íslendingar sögðu að samningurinn myndi gilda í tvö ár og bakfærðist til nóvembermánaðar árið 1975. Bretar töldu það fráleitt og kröfðust þess að samningurinn gildi í tvö ár frá undirskrift hans. Í stað þess að bjóða Bretum samning flaug Geir Hallgrímsson heim til Íslands til að ráðfæra sig við íslenskan þingheim. Því voru Bretar þorsklausir um hríð, nema þá með veiðum undir herskipavernd.<sup>55</sup>

Málgagn breska útahafsveiðiflotans, *Trawling Times*, lét í ljós þá skoðun sína að þeir teldu veiðar undir herskipavernd hafa verið afar vel heppnaðar í ljósi þess að breski flotinn var að veiða um 2 þúsund tonnum meira að jafnaði á mánuði en árið áður. Þannig hafi aflamagn Breta verið um 10 þúsund tonn á mánuði. *Trawling Times* hafði því áhyggjur af því að Bretar væru við það að semja við Íslendinga um viðurkenningu á lögsögunni. Þá segir einnig í grein *Trawling Times* að erfiðleikar í íslenskum stjórnámálum og óánægja íslensks almennings ráði mestu um ástandið í íslensku þjóðfélagi, sem best væri lýst sem móðursýki í garð Breta vegna þorskastríðanna.<sup>56</sup> Í hinu virta tímariti *Times* birtist grein þar sem höfundurinn var hliðhollur málstað Íslands og taldi hann aðgerðir Breta forkastanlegar en hafði áhyggjur af því að aflamarkið sem

<sup>55</sup> Wilson, Harold: *Final Term. The Labour Government 1974–1976*, bls. 217–219.

<sup>56</sup> „Íslendingar hafa nánast ekkert svigrúm til samninga“ *Morgunblaðið*, 25. janúar 1976, bls. 1 og 43.

Íslendingar buðu í nóvembermánuði, 65 þúsund tonn, hafi í raun verið of rausnarlegt af Íslands hálfu. Greinarhöfundurinn gekk svo langt að segja að ef samið yrði í dag um 65 þúsund tonna afla gæti það orðið ríkisstjórninni til falls. Að lokum sagði höfundur greinarinnar að Bretar væru að láta hafa sig að fíflum með átökum við 216 þúsund manna þjóð sem hvorki ætti landher né flugher.<sup>57</sup>

Síðdegis þann 27. janúar var síðasti dagur viðræðna milli Íslendinga og Breta og lauk þeim síðla dags í breska þinginu. Geir Hallgrímsson greindi fréttamönnum frá því að Íslendingar kæmu til baka án samningsuppkasts. Geir, líkt og Wilson, myndi greina ríkisstjórn sinni frá samningsviðræðunum og myndu þeir fljótlega hafa samband sín á milli. Í frétt frá AP fréttastofunni var greint frá því að Geir hefði þurft að fljúga heim á þriðjudegi þar sem næsta áætlunarflug frá Lundúnum hafi ekki verið fyrr en á laugardeginum. Einnig var skýrt frá því í fréttum frá *Reuters* að nær öruggt væri að Wilson hefði gert miklar tilslakanir varðandi árlegt aflamagn Breta á Íslandsmiðum.<sup>58</sup>

Þann 27. janúar voru tæplega 40 togarar á svæðinu við Rífsbanka, norðvestur af Langanesi og héldu varðskipin *Týr* og *Óðinn* aftur af togurunum allan daginn. Togararnir fengu fyrirmæli um að halda sig saman í hóp og auðveldaði það talsvert fyrir íslensku varðskipunum. Ef togararnir settu veiðarfæri sín í sjóinn var þeim skipað að hífa og hlýddu togararnir því nær umsvifalaust.<sup>59</sup>

Harold Wilson forsætisráðherra sagði í Neðri málstofu breska þingsins þann 28. janúar að hann hefði þungar áhyggjur af því að ný átök breskra og íslenskra skipa gætu spillt fyrir möguleikum á lausn fiskveiðideilunnar. Þá skoraði Wilson á Íslendinga að láta af áreitni við breska togara á meðan ríkisstjórnir landanna reyndu að ná samkomulagi sín á milli í þessu viðkvæma vandamáli. Wilson sagði mikilvægt að stilling væri á miðunum og að ekkert myndi gerast til að auka spennuna. Wilson tiltók að hann hefði lagt áherslu á það við Geir Hallgrímsson um að sýna stillingu. En hann sagði einnig að ef nauðsynlegt reyndist myndu Bretar grípa til ráðstafana til að verja skipaflota sinn gegn áreitni og afskiptum Íslendinga.

Tom Nielsen ritari félags yfirmanna á togurum í Hull sagði breska sjómenn vera reiða vegna áframhaldandi áreitni íslenskra varðskipa á meðan viðræður forsætisráðherranna fóru fram í Lundúnum. Nielsen sagði líka að hver þeirra 35 togara sem voru við veiðar á Íslandsmiðum tapaði um 1200 pundum á hverjum degi sem varðskipin

<sup>57</sup> „Íslendingar hafa nánast ekkert svigrúm til samninga“ *Morgunblaðið*, 25. janúar 1976, bls. 1 og 43.

<sup>58</sup> „Ekkert samningsuppkast frá London“ *Morgunblaðið*, 28. janúar 1976, bls. 1 og 27.

<sup>59</sup> „Lítið sem ekkert veitt á miðunum“ *Morgunblaðið*, 28. janúar 1976, bls. 2.

kæmu í veg fyrir veiðar á góðum degi. Hann sagði að þetta ástand reyndi heldur betur á þolinmæði breskra sjómanna og að þeir hefðu bara um tvennt að velja, veiða á Íslandsmiðum eða skrá sig atvinnulausa.<sup>60</sup>

Eftir að Wilson hafði lokið máli sínu í Neðri málstofunni tók Reginald Maudling, talsmaður Íhaldsflokksins í utanríkismálum, til máls. Hann sagði að stjórnarandstaðan legði á það ríkulega áherslu að réttlát lausn fyndist og lykilatriði að ekkert gerðist á miðunum þar til lausn næðist. Wilson var honum sammála og sagði sem fyrr að bíða yrði þar til Íslendingar hefðu komist að niðurstöðu. Þingmenn bentu forsætisráðherra á hið alvarlega ástand sem breska togaraútgerðin stæði frammi fyrir. Wilson svaraði að mikilvægt væri að ná fram hagstæðum samningum sem báðir deiluaðilar gætu sætt sig við og enn fremur svaraði hann öðrum þingmanni að fiskifræðingar hefðu ekki náð samkomulagi um ákveðin vandamál sem ríkisstjórnir Bretlands og Íslands hefðu vísað til þeirra.

Wilson staðfesti einnig að bresku herskipin væru enn fyrir utan 200 sjómílnar en væri þó tilbúin í slaginn ef áreitni yrði haldið áfram. Ef ekkert langtímasamkomulag næðist myndu Bretar halda áfram að vernda fiskiflota sinn með herskipum.

Hull-þingmaðurinn James Johnson sagði í viðtali við fréttaritari *Morgunblaðsins* að hann teldi að breska ríkisstjórnin hefði ekki slakað nægjanlega mikið á kröfum sínum í viðræðunum í Lundúnum. Afstaða bresku ríkisstjórnarinnar væri enn of hörð og að þeir hefðu ekki viljað lækka sig niður fyrir 75–80 þúsund tonn. Johnson tók fram að þetta væri hans einkaskoðun. En hann kvaðst telja að þingmenn væru yfirleitt svartsýnir á að lausn væri í sjónmáli þar sem þeir álitu að Geir Hallgrímsson gæti ekki fengið þingið og þjóðina til að fallast á samninga.

Samkvæmt fréttastofu *Reuters* var það talið undir því komið hvort íslenska ríkisstjórnin gæti sætt sig við tillögur Breta að samkomulagsgrundvöllur næðist. Norska fréttastofan *NTB* hafði það eftir *UPI* fréttastofunni að Geir Hallgrímsson forsætisráðherra myndi leggja fram samningsdrög á fundi íslensku ríkisstjórnarinnar og ef ríkisstjórnir beggja landa samþykktu meginatriði samningsdraganna gæti það markað endalok fiskveiðideilunnar. Talið var að báðir deiluaðilar hefðu náð samkomulagi um rammasamning en ríkisstjórnir landanna þyrftu að samþykkja hann.<sup>61</sup>

Breska blaðið *London Evening News* sagði að diplómatar sem tóku þátt í viðræðunum í Lundúnum væru svartsýnir á að samningar næðust. Blaðið taldi afar

<sup>60</sup> „Ekki auðvelt að finna lausn á þessari deilu“ *Morgunblaðið*, 29. janúar 1976, bls. 1.

<sup>61</sup> „-Lausnin ekki auðveld“ *Morgunblaðið*, 29. janúar 1976, bls. 18.

ólíklegt að íslenska ríkisstjórnin gengi að þeim samningum sem lágu fyrir að viðræðunum loknum. Blaðið sagði enn fremur að Geir Hallgrímsson forsætisráðherra væri undir gífurlegum þrýstingi heima fyrir um að veita Bretum engar tilslakanir. Breska fréttastofan *Press Association* leiddi að því líkum að pólitísk framtíð Geirs væri í hættu næði hann ekki fullkomlega ásættanlegum samningi fram fyrir þjóð sína.<sup>62</sup>

Líkt og Geir Hallgrímsson hafði sagt áður en hann fór út til samningsviðræðna voru þessar viðræður fyrst og fremst könnunarviðræður við Breta og samkvæmt því kom hann ekki heim með samningsuppkast eftir langa fundi. En á grundvelli skýrslu forsætisráðherra hlaut ríkisstjórnin að taka afstöðu til þess og meta hvort samkomulagsgrundvöllur væri fyrir Íslendinga. Lengd viðræðufundanna vakti athygli bæði á Íslandi og í Bretlandi enda slíkt óvenjulegt í viðræðum æðstu manna. Lengd viðræðna sýndi meðal annars hversu erfitt var að komast að einhvers konar samkomulagi. Hins vegar hlaut það að teljast Íslandi til tekna að tveir áhrifamestu mennirnir í breskum stjórnámálum, Wilson forsætisráðherra og Callaghan utanríkisráðherra, gjörþekktu nú málstað Íslendinga og ættu því að sýna málstaðnum meiri skilning en ella. Eins þekktu Íslendingar nú aðstæður innanlands í Bretlandi en fyrst og fremst var það atvinnuleysið í Bretlandi sem mótaði hina hörðu afstöðu Breta í landhelgisdeilunni.<sup>63</sup>

Að kvöldi fimmtudagsins 29. janúar 1976 skoraði breska ríkisstjórnin á breska togara að snúa aftur á Íslandsmið og hefja þar veiðar á nýjan leik. Fred Peart, sjávarútvegsráðherra Bretlands, sagði að breskum togurum sem sneru aftur á miðin yrði annaðhvort útvegð nauðsynleg vernd eða fjárhagsbætur vegna þess aðgerðaleysis sem þröngvað hefði verið upp á togarana. Strax um klukkan 11 það kvöld voru um það bil 30 togarar komnir að 40 mílum austan af Gerpi til veiða en hífðu þó ef svo var fyrirskipað af varðskipunum íslensku.<sup>64</sup>

Í orðsendingu [Pearts] til togaraflotans í gærkvöldi segir hann ennfremur: Til þess að halda ástandinu í skefjum eruð þið beðnir um að halda áfram að hífa inn veiðarfæri hver fyrir sig ef þið verðið fyrir áreitni og fylgja fyrirmælum yfirmanns verndarskipanna. Yfirmaðurinn mun skýra frá þróun mála til þess að ég geti fylgzt með ástandinu. Íslenska ríkisstjórnin athugar nú tillögur þær sem forsætisráðherrarnir tveir ræddu um helgina. Við vonumst eftir svári hið fyrsta. Vonast er eftir góðri samvinnu við ykkur á þessum erfiða tíma.<sup>65</sup>

<sup>62</sup> „Brezku blöðin varkárari í spádómum“ *Morgunblaðið*, 29. janúar 1976, bls. 2.

<sup>63</sup> „Að loknum viðræðum í London“ *Morgunblaðið*, 29. janúar 1976, bls. 16.

<sup>64</sup> „Brezku togararnir sneru aftur á miðin“ *Morgunblaðið*, 30. janúar 1976, bls. 1.

<sup>65</sup> „Brezku“ *Morgunblaðið*, 30. janúar 1976, bls. 14.

Bresk blöð voru sem fyrr reið og vonlítil á þessum tíma og mikil reiði kraumaði undir skrifum þeirra. Í *The Sun* birtist skopmynd af Harold Wilson þar sem hann er í baráttu við smáfisk sem á stendur ‘þorskastríð’ og á stórum fiski fyrir aftan hann stendur ‘gríðarlegt atvinnuleysi’. Í texta með myndinni stendur ‘þorskur er ekki eina vandamál okkar, Harold’. Í *Daily Mirror* segir að reiði breskra togaramanna sé að nálgast suðupunkt. Í leiðara *Daily Mail* segir að Íslendingar gangi berserksgang líkt og kapparnir í hinum fornu Íslendingasögum. Það sé fráleitt að sýna deiluna í því ljósi að Bretar séu að níðast á minnimáttar. Því er haldið fram að Íslendingar hafi með yfiringang sínum einhliða fært landhelgina út í 200 mílur án nokkurs stuðnings í alþjóðalögum.<sup>66</sup>

Geir Hallgrímsson sagði í þingræðu þann 4. febrúar sagði hann að landhelgisdeilan nú væri snúnari en nokkru sinni fyrr. Hann ásakaði stjórnarandstöðuna um að stinga höfðinu í sandinn og einfaldlega vilja horfa fram hjá þessu viðkvæma máli. Bretar hefðu sagst veiða í leyfisleysi og undir flotavernd 100 þúsund tonn á ársgrundvelli. Geir sagði íslenska fiskifræðinga hafa sagt að með ótakmarkaðri veiðisókn væri hér unnt að veiða 330 þúsund tonn af þorski. Ef frá væru dregin 20 þúsund tonn fyrir aðrar þjóðir en Breta, sem þingheimur samþykkti, væru eftir 310 þúsund tonn. Þar af 210 þúsund tonn fyrir íslensk skip. Þorskaflí Íslands var árið áður 240 þúsund tonn. Þessi leið hefði í för með sér hrun þorskstofnsins við Ísland. Ef mið væri tekið af þeirri hámarkstölu sem fiskifræðingar nefndu, 280 þúsund tonn í heildarafla, þá væru 20 þúsund tonn þegar farin til annarra þjóða og Bretar veiði 100 þúsund tonn í leyfisleysi, þá væru einungis eftir 160 þúsund tonn fyrir Íslendinga. Það væri algjörlega óviðunandi, taldi Geir. Það gæfi því augaleið að það yrði að fara samningaleiðina ef ekki ætti illa að fara.<sup>67</sup>

### 3.d Átök á miðunum blossa upp á ný

Þann 2. febrúar klippti íslenska varðskipið *Týr* á togvára breska togarans *Ross Khartoum GY 120* um 40 sjómílur frá landi. Um 30 togarar voru við veiðar og er *Týr* kom á vettvang og skipaði togurunum að hífa inn veiðarfæri sín gerðu það allir togararnir nema *Ross Khartoum*. Er *Týr* nálgast tóku bátsmenn eftir því að togarinn hafði uppi sjóræningjafána. Togaranum var skýrt frá því að hífði hann ekki upp vörpuna yrði umsvifalaust klippt á togvírana. Togaraskipstjórinn hlýddi ekki og varð fyrir vikið

<sup>66</sup> „Brezkir togaramenn reiðir og vondufir“ *Morgunblaðið*, 30. janúar 1976, bls. 15.

<sup>67</sup> „Það vinnur enginn þessa baráttu fyrir okkur nema við sjálf“ *Morgunblaðið*, 5. febrúar 1976, bls. 16–17.

veiðarfærunum fátækari.<sup>68</sup> Eftir klippingu *Týs á Ross Khartoum* þann 2. febrúar óskaði Fred Peart, sjávarútvegsráðherra Breta, eftir því að breskir togarasjómenn sýndu stillingu og færu að tilmælum íslensku varðskipanna. Hann bað sjómenn um að halda ró sinni þar til svar íslensku ríkisstjórnarinnar hefði borist. Austin Laing, framkvæmdarstjóri samtaka breskra útgerðarmanna, sagði að klippingin á miðunum þann 2. febrúar hefði ekki verið í anda þess óskrifada samkomulags um aðgerðaleyfi meðan á samkomulagstilraunum stæði. Þá velti hann því fyrir sér hvort aðgerðin á miðunum væri í raun óformlegt svar við tilboði bresku ríkisstjórnarinnar. Þá gerði hann því skóna að hér stæði Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra einn að verki. Hann væri jú yfirmaður varðskipanna.<sup>69</sup> Þann 1. febrúar, er Ólafur Jóhannesson var spurður um landhelgismálið í útvarpsviðtali, sagði hann að sín persónulega skoðun væri sú að enginn grundvöllur eða nær enginn grundvöllur væri fyrir samkomulagi við Breta. Ástæður þess, nefndi hann máli sínu til stuðnings að Bretar hefðu fengið umsaminn umþóttunartíma. Bretar hefðu einnig ítrekað beitt hernaðarvaldi og því ástæðulaust fyrir Ísland að sýna Bretum nokkra linkind og að lokum væri í raun og veru ekkert afgangsfiskimagn sem unnt væri að semja um.<sup>70</sup>

Þann 3. febrúar 1976 sendi íslenska ríkisstjórnin bresku ríkisstjórninni orðsendingu þar sem henni var tilkynnt að þær hugmyndir Breta um fiskveiðiheimildir hér á landi sem settar voru fram á viðræðufundum forsætisráðherra ríkjanna í Lundúnum rúmri viku fyrr væru ekki aðgengilegar að mati íslensku ríkisstjórnarinnar. Íslenska ríkisstjórnin lýsti því yfir að hún væri tilbúin að taka upp viðræður um samkomulag til skamms tíma við Breta. Geir sagði að með því væru Íslendingar að sýna vilja til að gera allt sem í þeirra valdi stæði til að leitast við að leysa þessa deilu friðsamlega. Þá sagði Geir einnig að nú skipti mestu að Íslendingar sýni samhug inn á við og út á við.

Helztu atriði, sem fram komu í viðræðum Geirs Hallgrímssonar og Harold Wilson eru þessi:

- **Aflamagn.** Bretar vilja fá að veiða 28% leyfilegs hámarksafli þorsks á Íslandsmiðum en minnst 65 þúsund lestir og mest 75 þúsund lestir en heildarafli yrði 85 þúsund lestir (aðrar fisktegundir meðtaldar)
- Bretar fallast á, að Íslendingar ákveði hver verði leyfilegur hámarksafli þorsks.

<sup>68</sup> „Klippt aftan úr brezkum „sjóræningjatogara““ *Morgunblaðið*, 3. febrúar 1976, bls. 40.

<sup>69</sup> „Sýnið stillingu og farið að fyrirmælum íslensku varðskipanna“ *Morgunblaðið*, 3. febrúar 1976, bls. 1.

<sup>70</sup> „Nær enginn grundvöllur til samkomulags“ *Morgunblaðið*, 3. febrúar 1976, bls. 38.

- **Viðurkenning.** Bretar voru tilbúnir til að ræða viðurkenningu á 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslands. Í því sambandi beindist athyglin að ákvæði þar sem kæmi fram að „samkomulagið væri byggt á 200 mílna svæðinu og enginn fyrirvari gerður“. Töldu Bretar erfitt að neita þessu orðalagi sem viðurkenningu og mundu allir túlka það sem viðurkenningu...
- **Samningstími.** Fram voru settar 4 hugmyndir. a) Samningur til ákveðins tíma. b) Samningur til ákveðins tíma eða miðað við lokadag hafréttarráðstefnu. c) Gildistími þar til hafréttarráðstefnu lyki. d) Samið yrði um 6 mánaða uppsagnarfrest eins og er í samningi Íslands og Belgíu.
- **Bókun 6.** Að fengnu samkomulagi um veiðiheimildir vildu Bretar beita sér fyrir að bókun 6 tæki gildi og að tollalækkunum yrði hagað eins og bókunin hefði verið í gildi frá undirritun.
- **Aðrar fisktegundir.** Fram kom að heimild Breta til að veiða aðrar fisktegundir en þorsk myndi ekki leysa deiluna.
- **Viðræður fiskifræðinga.** Íslenskir og brezkir fiskifræðingar eru sammála um, að hrygningarstofninn muni minnka enn frekar á næstu þremur árum, ef ekki verði að gert og viðkomubrestur sé þá yfirvofandi. Hins vegar er ágreiningur um hve róttækar verndunaraðgerðir eigi að vera. **Bretar** telja, að stofninn muni rétta við þótt aflamagn á þessu ári yrði 300 þúsund tonn. **Íslenskir** fiskifræðingar telja að miða verði við 230 þúsund tonn.<sup>71</sup>

Á blaðamannafundi sem James Callaghan utanríkisráðherra, Fred Peart sjávarútvegsráðherra og Roy Hattersley, aðstoðarutanríkisráðherra Bretlands, boðuðu til svöruðu þeir orðsendingu ríkisstjórnar Íslands á þann veg að Bretar væru nú sem endranær tilbúnir að leita samninga með friðsamlegum hætti. En færi svo að klippt yrði á einn togvír myndi það þýða flotavernd á nýjan leik. Callaghan taldi að krafa Breta væri sú að breskir togarar ættu að fá að veiða óárettir meðan á viðræðum stæði. Strax að fundi loknum tjáði Peart breska togarafлотanum að hífa upp veiðarfæri sín næsta sólarhringinn ef þess gerðist þörf en eftir það mættu þeir veiða og ef til klippingar kæmi myndi það þýða sjálfkrafa flotavernd.<sup>72</sup> Ólafur Jóhannesson svaraði þessum ummælum Callaghans í ræðu á Alþingi með þeim orðum að yfirlýsing Callaghans væri naumast heppilegur undirbúningur hugsanlegra viðræðna um samkomulag til skamms tíma. Slík ögrunarorð virkuðu ekki gegn Landhelgisgæslunni sem hygðist halda áfram fullri löggæslu á miðunum.<sup>73</sup>

Að kvöldi 4. febrúar tilkynnti hjálparskipið *Lloydsman* togurunum að þeir skyldu hefja veiðar á miðnætti. Herskipin kæmu aftur á miðin ef klippt yrði á togvír.

<sup>71</sup> „Ríkisstjórnin: Hugmyndir Breta ekki aðgengilegar. Reidubúin til viðræðna um samkomulag til skamms tíma“ *Morgunblaðið*, 4. febrúar 1976, bls. 1.

<sup>72</sup> „Tökum boði um viðræður um skammtímasamninga“ *Morgunblaðið*, 4. febrúar 1976, bls. 1 og 27.

<sup>73</sup> „Fullri löggæzlu haldið uppi á miðunum“ *Morgunblaðið*, 5. febrúar 1976, bls. 32.

Varðskipið *Baldur* klippti trollið af togaranum, *Loch Eriboll H 323* á alfriðuðu svæði á Langanesgrunni. Togarinn hafði verið að veiðum á svæði sem hvorki Íslendingar né Bretar máttu stunda veiðar. Þrátt fyrir þetta bláa bann brunuðu varðskipin aftur inn fyrir 200 mílurnar og Nimrod-þoturnar voru ekki langt undan.<sup>74</sup>

Fimmtudaginn 5. febrúar gerðist svo hið óhjákvæmilega: Breskar freigátur og Nimrod-þotur lögðu leið sína aftur inn í íslenska landhelgi í kjölfar klippingar varðskipsins *Baldurs* á togaranum *Loch Eriboll* sem var við veiðar á friðuðu svæði 24,5 sjómílar norðaustur af Langanesi.<sup>75</sup> Í samtali við *Morgunblaðið* lét Geir Hallgrímsson í veðri vaka að þessi ákvörðun Breta væri hörmuleg og í raun óskiljanleg í ljósi þess að aðgerðir varðskipsins hefðu átt sér stað á friðunarsvæði og Bretum hefði verið það fullkunnugt. Ef til vill hefðu Bretar einungis verið að bíða eftir tækifærinu til að senda herskip sín og notað þessa átyllu sem afsökun.<sup>76</sup>

Áfram harðnaði baráttan á miðunum. Herskipunum fjölgaði jafnt og þétt. Alvarlegar ásiglingar héldu áfram og hinn 6. febrúar 1976 sigldi breska freigátan *Juno* tvívegis á varðskipið *Tý*. Þrátt fyrir þessar ásiglingar varð *Týr* ekki fyrir miklum skemmdum og náði að klippa á togvira þriggja breskra togara á 10 mínútum.<sup>77</sup>

Í greinargerð frá Landhelgisgæslunni frá 10. febrúar 1976 kom í ljós að breskir togarar voru hvorki meira né minna en 45 á veiðum á Íslandsmiðum þar af 44 á alfriðaða svæðinu við Norðausturland undir herskipavernd. Þegar yfirlit var tekið um hversu mörg skip voru við veiðar á sama tíma ári áður kom í ljós að í janúar árið 1975 reyndust þeir vera að meðaltali 15,5 á dag og í febrúar voru þeir 26,4 að meðaltali. Í janúar og febrúar árið 1976 voru þeir yfirleitt í kringum 40 og jafnvel upp í 50 að meðaltali.

Þessi gríðarlega sóknaraukning var ögrandi við íslensk stjórnvöld og alveg á skjön við það sem breskir ráðamenn höfðu látið í ljós skína um að Bretar væru sjálfviljugir að draga úr sókn á Íslandsmið.

Landhelgisgæslan vildi einnig vekja á því athygli að hér á Íslandsmiðum eftir 13. nóvember 1975 hefðu breskir togarar verið sviptir veiðileyfum sem aldrei voru á upphaflega skipalistanum.<sup>78</sup>

---

<sup>74</sup> Sveinn Sæmundsson: *Guðmundur skipherra Kjærnested*, saga hatrammra átaka, taugastríðs og ofbeldisverka, bls. 198.

<sup>75</sup> „Flotaíhlutun á ný“ *Morgunblaðið*, 6. febrúar 1976, bls. 1.

<sup>76</sup> „Hörmuleg, fljótfernisleg og óskiljanleg ákvörðun“ *Morgunblaðið*, 6. febrúar 1976, bls. 1.

<sup>77</sup> „Hvar er varpan mín?“ *Morgunblaðið*, 7. febrúar 1976, bls. 18 og 32.

<sup>78</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Íslenska Landhelgisgæzlan. Reykjavík 10. febrúar 1976.



Ein ósvífnasta ásiglingin átti sér stað að kvöldi 12. febrúar 1976 þegar breska freigátan *Diomede* sigldi á varðskipið *Baldur* úti fyrir Norðausturlandi. Varðskipið hafði verið í nánd við breska togarafлотann og var á siglingu burt þegar *Diomede* hóf sig úr hópi togarafлотans og sigldi *Baldur* uppi og sigldi á bakborða hans. Eftir frekari tilraunar til ásiglingar náði *Baldur* að forða sér frá frekari árekstrum. Staðhæfingar Breta um að *Baldur* hefði siglt fyrir *Diomede* eru algjör fjarstæða þar sem *Baldur* hefur hámarkshraða 17 sjómíllur en *Diomede* nær 30 sjómílna hraða. Þann 16. febrúar sigldi *Lowestoft F 103* á *Þór* og hlutu bæði skip talsverðar skemmdir. Þann 24. febrúar varð all alvarleg ásigling þegar freigátan *Yarmouth F 101* sigldi ítrekað á varðskipið *Þór*. *Yarmouth* kom á fullri ferð og snöggbeygði inn í miðsíðu *Þórs*. Verulegar skemmdir urðu á varðskipinu. Varðskipið *Týr* var skammt undan og hugðist koma til aðstoðar, þó ekki væri nema til að bjarga sjómönnum ef *Þór* myndi sökkva. En freigátan *Scylla* hafði fylgt *Tý* eftir þann dag og varnaði *Tý* leið til aðstoðar. Sú barátta endaði með því að *Scylla* sigldi aðeins utan í varðskipið en skemmdir voru engar. Flaggskip íslenska landhelgisflotans kom til hafnar seint um dag 24. febrúar og var varla líkt skipi lengur, slíkar voru skemmdirnar. Nokkrum dögum síðar, þann 28. febrúar hélt breska freigátan *Yarmouth* uppteknum hætti á miðunum er hún sigldi á íslenska varðskipið *Baldur*. Þrátt fyrir ítrekaðar ásiglingartilraunir tókst varðskipinu að snúa á freigátuna og lauk viðskiptum þeirra á þann veg að *Yarmouth* skemmdist meira en varðskipið.<sup>79</sup>

#### 4. Stjórn málasambandi við Bretland slitið

Þann 19. febrúar sagði íslenska ríkisstjórnin stjórn málasambandi við Breta slitið.

Ríkisstjórn Íslands hefir ákveðið að slíta stjórn málasambandi við ríkisstjórn Bretlands. ... Hinn 25. nóvember ákvað breska ríkisstjórnin að senda herskip á fiskimiðin við Ísland „til að gera breskum togurum kle[i]ft að halda áfram fiskveiðum við Ísland þrátt fyrir viðleitni íslenskra varðskipa að stöðva þá“, eins og segir í tilkynningu ríkisstjórnar Bretlands. Í þriðja sinn á 17 árum beitti breska ríkisstjórnin hervaldi til að þvinga [Í]slendinga til að láta undan í deilu er snertir lífshagsmuni íslensku þjóðarinnar. Til aðstoðar herskipunum sendi breska ríkisstjórnin herflugvélar (Nimrod), þyrlur, dráttarbáta, birgðarskip og önnur aðstoðarskip. Hlutverk herflugvélna og þyrlanna er að gefa bresku togurunum upplýsingar um ferðir íslensku

---

<sup>79</sup> Sveinn Sæmundsson: *Guðmundur skipherra Kjærnested*, saga hatrammra átaka, taugastríðs og ofbeldisverka, bls. 202–204.

varðskipanna, en hlutverk herskipanna og dráttarbatanna er að forða því að íslensku varðskipin geti klippt á togvira bresku togaranna þegar þeir eru að ólöglegum veiðum.<sup>80</sup>

Einar Ágústsson utanríkisráðherra benti á að þrátt fyrir að flestir fiskstofnar hefðu orðið fyrir ofveiði árinu á undan hafi ríkisstjórn Íslands verið reiðubúin að semja við önnur ríki um veiðiréttindi þeirra. Þann 28. nóvember voru undirritaðir slíkir samningar við Belgíu og Vestur-Þýskaland. Þann 17. nóvember var bresku ríkisstjórninni tjáð að ríkisstjórn Íslands væri tilbúin að ræða um 65 þúsund tonna afla á ársgrundvelli. Þessar tilslakanir af hálfu íslenskra yfirvalda voru gerðar þrátt fyrir að íslenski fiskskipaflotinn gæti hæglega veitt allan þann afla sem fiskifræðingar teldu mögulegan að veiða á Íslandsmiðum árin 1976 og 1977.<sup>81</sup>

Forsendur ákvörðunar Íslands má rekja til ítrekaðra ásiglinga breskra herskipa og hjálparskipa á íslensk varðskip og veiðar breskra togara á friðuðum svæðum. Geir Hallgrímsson sagði að ákvörðun þessi hefði verið tekin eftir að herskipin hefðu verið send inn fyrir 200 mílurnar. Með þessum hætti rufu Bretar viðræður, sem voru í þann mund að hefjast um samkomulag til skamms tíma. Með áframhaldandi ásiglingum á íslensk varðskip og mikilli veiði á undirmálsfiski, sem er fiskur sem er minni en 50 sentímetrar og ólöglegt að landa slíkum fiski á Íslandi, hafi undiraldan verið sú að til stjórnarslita kæmi. Geir sagði að á undangengnum tveimur vikum hafi meðal annars framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, Joseph Luns, og aðildarríki bandalagsins reynt að telja Breta frá afstöðu sinni en ekki hefði verið fallist á þau tilmæli. Því hefði verið gripið til þessara örþrifaráða, sagði skeleggur Geir Hallgrímsson í viðtali við *Morgunblaðið*.<sup>82</sup>

Frakkar munu gæta hagsmuna Breta á Íslandi meðan Norðmenn gera slíkt hið sama fyrir Íslendinga í Bretlandi. Peart sagði bresku ríkisstjórnina harma þessa ákvörðun Íslendinga en tók fram að breska ríkisstjórnin væri tilbúin til samningaviðræðna á nýjan leik hvar og hvenær sem var. Hann sagði enn fremur að breska ríkisstjórnin gerði sér fullkomlega grein fyrir alvöru málsins og að um væri að ræða lífshagsmunamál Íslendinga, en hann sagði að það mætti ekki gleymast að aflinn sem Bretar hefðu tekið árum saman á Íslandsmiðum væri Bretum einnig gríðarlega mikilvægur. Síðan sagði Peart að í hvert skipti sem íslenskt varðskip klippti á togvira

<sup>80</sup> Þí. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Símskeyti Einars Ágústssonar til utanríkisráðherra NATO landa annarra en Bretlands. Sent 19. febrúar 1976, bls. 1–2.

<sup>81</sup> Þí. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Símskeyti Einars Ágústssonar til utanríkisráðherra NATO landa annarra en Bretlands. Sent 19. febrúar 1976, bls. 3.

<sup>82</sup> „Flotaíhlutun, ásiglingar og veiðar á friðuðum svæðum“ *Morgunblaðið*, 20. febrúar 1976, bls. 1.

breskra togara myndaðist stórhætta þar sem vírarnir kipptust til baka af miklu afli. John Prescott, þingmaður Verkamannaflokksins fyrir breska útgerðarbæinn Hull, taldi að forsendur fyrir einhvers konar samningum fælust í því að breski flotinn yrði kallaður aftur út fyrir 200 mílurnar.<sup>83</sup>

#### 4.a Vandræði Breta

Í sendibréfi Hattersleys, aðstoðarutanríkisráðherra Bretlands, til Washington má lesa að vegna landfræðilegrar sérstöðu Íslands reyndist Bretum erfitt að snúa á Íslendinga. Hann segir m.a.:

of course the british government is fully aware of the widespread movement towards a 200 mile inclusive economic zone. it may well be that the law of the sea conference will end with a convention which makes that the established international order. but no nation has the right to anticipate or preempt probable changes in the law.

we are also very conscious of the effect the dispute must have on the nato partnership. iceland stands in a key position and its bases are of great value to the alliance: that is why we are so happy to co-operate with every nato initiative to solve this disagreement in the hope nato could play a part in cooling temperatures and allowing calmer counsels to prevail.<sup>84</sup>

Þó svo að Bretar hafi viðurkennt einhliða rétt Íslendinga til að ákveða hámarksafla þá voru það mikil vonbrigði að Bretar skyldu ekki meta forgangsrétt strandríkis eins og vera bar. Enn fremur töldu Íslendingar Breta ekki sýna sérstöðu Íslands nægjanlega mikinn skilning. Mikilvægi fiskveiða fyrir Ísland væri það mikið og Íslendingar byggi 80% útflutnings síns á fiskafurðum og þar af helming þorsk. Hugtakið um forgangsrétt strandríkis eins og það var samþykkt á Genfarráðstefnunni 1958, meðal annars með atkvæði Breta, felur í sér að strandríki skuli skýlaust hafa forgangsrétt ef íbúar þess byggi afkomu sína fyrst og fremst á fiskveiðum. Samkvæmt þessari reglu væru einungis 5 þúsund tonn eftir handa Bretum. Það var augljóst að deilan yrði ekki leyst út frá þessum tölum en fram hjá þessum forgangsrétti strandríkis yrði eigi að síður ekki gengið.<sup>85</sup>

Þann 28. janúar 1976 samþykkti öldungadeild bandaríska þingsins útfærslu bandarískrar fiskveiðilögsögu í 200 sjómílu. Samþykkt frumvarpsins var talin mikið áfall fyrir tilraunir Breta til að leysa fiskveiðideiluna við Íslendinga. Kveðið var á um

<sup>83</sup> „Stjórn málasambandi slitið“ *Morgunblaðið*, 20. febrúar 1976, bls. 16.

<sup>84</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Sendiráð Íslands í Washington til utanríkisráðuneytis 9. mars 1976, bls. 1–2.

<sup>85</sup> „Viðhorf Breta valda vonbrigðum“ *Morgunblaðið*, 4. febrúar 1976, bls. 14–15.

hámarksafla innan 200 mílna og að bandarískir sjómenn eigi að hafa forgangsrétt til veiða innan nýju markanna en erlend skip geti fengið veiðileyfi ef einhver afgangur af kvóta verði handa þeim.<sup>86</sup> Þó svo að ekki hafi verið búið að lögbinda þetta frumvarp var það Bretum og öðrum þjóðum ljóst að það væri einungis tímaspursmál hvenær 200 mílurnar yrðu að lögum.

Í samtali við *Morgunblaðið* þann 4. febrúar 1976 sagði talsmaður Efnahagsbandalagsins að aðildarríki bandalagsins hefðu komið sér saman um sameiginlega stefnu á grundvelli 200 mílna efnahagslögsögu. Þó svo að þetta fengist ekki staðfest væri allt útlit fyrir það að 200 mílna lögsagan yrði að veruleika fyrr en síðar.<sup>87</sup>

Í leiðara *The Daily Telegraph* var vakin athygli á því að á meðan Bretar væru í harðri baráttu við Íslendinga um 200 mílna lögsögu væri á sama tíma unnið að því að koma á samkomulagi innan EBE sem heimilaði Bretum að taka sér 200 mílna fiskveiðilögsögu innan fárra mánaða. Slík vinnubrögð orkuðu tvímælis út frá sjónarmiði skynseminnar. Í greininni var talið að átökin við Íslendinga ógni NATO með hverjum degi þar sem hernaðarlegt mikilvægi herstöðvarinnar í Keflavík væri það mikið að heildarstefna ríkisstjórn Bretlands þyrfti að fara í naflaskoðun hvað þetta mál varðaði.<sup>88</sup>

Í blaðgrein sem Jon Blair skrifaði í *The Times* taldi hann Breta vera að hafa sig að fíflum að standa í þessari deilu við Ísland. Það væri svo stutt í að 200 mílna landhelgi yrði orðin að lögum að nær væri að undirbúa sig fyrir þá breytingu. Þá sagði hann ansi kaldhæðnislegt að deilt væri um 200 mílur þegar vitað er að nær mestöll veiði bresku togaranna fari fram á hafsvæðinu frá 20 mílum að 50 mílunum. Þrátt fyrir að 50 mílna landhelgin hafi ekki verið viðurkennd af Alþjóðadómstólnum samþykktu Bretar þá lögsögu við undirritun síðasta sammings. Blair talaði einnig um að Íslendingar hefðu miklar áhyggjur af því að ef jafn grimmilega væri gengið á þorsstofninn gæti hann horfið af Íslandsmiðum um 1980. Ísland hafði þegar séð síldarstofninn nánast hverfa vegna ofveiði.<sup>89</sup> Þá sagði einnig í blaðgrein *The Observer*:

BRITAIN'S show of force in the cod war with Iceland is short-sighted and dangerous, promising little and likely to achieve less. For the sake of a few months' fishing inside Iceland's 200-mile limit, the Government is apparently prepared to alienate friends, contradict its own policy on mineral rights on the sea bed, and put men's lives at unnecessary risk.

<sup>86</sup> „Bandaríska útfærslan í 200 mílur samþykkt með 77:19“ *Morgunblaðið*, 29. janúar 1976, bls. 1 og 18.

<sup>87</sup> „Eining hefur náðst um 200 mílurnar“ *Morgunblaðið*, 5. febrúar 1976, bls. 1.

<sup>88</sup> „Þorskastríð Wilsons þjónar engum tilgangi“ *Morgunblaðið*, 6. febrúar 1976, bls. 15 og 18.

<sup>89</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneytið, 1989 B/174 (5) „No cod left by 1980 is the harsh message Iceland's Prime Minister is taking to Chequers“ *The Times* 24. janúar 1976.

The 200-mile limit is here to stay. It will probably be formally sanctioned at the reconvened Law of the Sea conference in March. If it is not, then unilateral declarations are likely to come so thick and fast that the result will be the same. British fishing will have an awkward period of transition, learning to survive on the species within Britain's 200-mile limit, or doing the best it can to negotiate an agreement with Iceland. This may be harsh on the trawlermen, but it cannot be avoided.<sup>90</sup>

Norska ríkisstjórnin lýsti yfir fullum stuðningi við málstað Íslands gegn Bretum eftir að flotinn hafði verið sendur aftur á miðin. Knut Frydenlund sagðist harma flotaíhlutunina og efaðist um að samningar næðust meðan ástandið á miðunum væri svo viðkvæmt. Þá sagði Frydenlund að Norðmenn fordæmdu aðgerðir Breta og ekki nokkur vafi léki á hvar Norðmenn stæðu þegar stórveldi beitti freigátum gegn smáþjóð sem reyndi að verja lífshagsmuni sína.<sup>91</sup>

Á fundi Norðurlandaráðs þann 1. mars 1976 unnu Íslendingar mikinn pólitískan sigur þegar forsætisnefnd ráðsins samþykkti yfirlýsingu þar sem Bretar voru harðlega gagnrýndir fyrir að koma í veg fyrir friðsamlega lausn fiskveiðideilunnar vegna íhlutunar breska flotans á Íslandsmiðum.<sup>92</sup>

Slæm afkoma breskra fiskimanna birtist í grein í breska tímaritinu *The Guardian* þar sem stóð að ekki væri bara erfitt fyrir breska fiskimenn að eiga í deilum við Íslendinga í þorskastríðinu heldur væri innflutningur á fiski frá öðrum löndum að undirbjóða smávaxinn og óþroskaðan þorskinn sem breskir sjómenn væru að veiða við Ísland. Enginn bresku togaranna hafi þannig hagnast á túrnum sínum á Íslandi og oftast en ekki endaði íslenski þorskurinn sem matur fyrir gæludýr bresks almennings.<sup>93</sup> Þannig var t.d. innfluttur þorskur frá Noregi seldur fyrir 68 ísl. kr/kg en að sögn útgerðarmanna var lágmarksverð til að útgerð togara geti borgað sig 108 kr/kg og þá aðeins gert ráð fyrir að láta enda ná saman. Sjómenn voru á þessum tíma einungis að fá 98 kr/kg af lönduðum þorski og hljóðið í sjómönnum því afar slæmt.<sup>94</sup>

Landhelgismálið hafði borið á góma á fundum Alþjóðahafréttarráðstefnunnar er hófst í marsmánuði. Þrátt fyrir að engar lokaniðurstöður hefðu fengist út úr Alþjóðahafréttarráðstefnunni var þó talið að þau mál sem snertu Íslendinga mest væru eins vel

<sup>90</sup> Þí. Utanríkisráðuneytið, 1989 B/174 (5) 'Codwallop' *The Observer*, 18 janúar 1976.

<sup>91</sup> „Fordæmir flotaíhlutun Bretlands á miðunum við Ísland“ *Morgunblaðið*, 7. febrúar 1976, bls. 1.

<sup>92</sup> „Sigur fyrir Ísland – áfall fyrir Breta“ *Morgunblaðið*, 2. mars 1976, bls. 1.

<sup>93</sup> Þí. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. „Cod war spoils going to dogs“ *The Guardian* 1. mars 1976.

<sup>94</sup> „Neyðarástand að skapast í útgerðarmálum Breta“ *Morgunblaðið*, 2. mars 1976, bls. 2.

tryggð og hægt var í stöðunni. Fátt virtist nú geta komið í veg fyrir að 200 mílurnar yrðu að alþjóðalögum.

Textinn um lögsögu ríkja í frumvarpinu er mikilvægastur fyrir Íslendinga, þar sem gert er ráð fyrir því í 46. grein að strandríki megi ákveða efnahagslögsögu sína allt að 200 mílum frá grunnlínunum. Í 50. gr. segir að strandríkið skuli sjálft ákveða hvað sé leyfilegt aflamagn innan efnahagslögsögunnar, í 51. gr. segir að strandríkið ákveði einnig getu sína til að nýta aflamagnið, en þetta eru þau tvö atriði, sem Íslendingar hafa lagt höfuðáherzlu á frá upphafi.<sup>95</sup>

#### **4.b Íslendingar væna Breta um áróðursbrögð**

Föstudaginn 20. febrúar barst ríkisstjórn Íslands tilkynning frá skrifstofu framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins um óskir bresku ríkisstjórnarinnar þess efnis að hafðir yrðu eftirlitsmenn á vegum NATO í breskum herskipum og dráttarbátum og einnig í íslenskum varðskipum. Þessar óskir Breta lágu undir ámæli Íslendinga og fjölmargra annarra þjóða innan bandalagsins þar sem hér væri verið að fela væntanlegum eftirlitsmönnum afar erfiða ábyrgð og atburðir gætu virst öðruvísi eftir því frá hvoru skipinu væri horft og einkum ef slæmt væri í sjó. Einnig kom sú skoðun í ljós að ef annar væntanlegra eftirlitsmanna gæfi sitt álit gæti virst sem sá hinn sami væri hliðhollur öðru ríkinu, þ.e. bandalagið gæti sætt ámæli fyrir hlutdrægni. Á fundi íslensku ríkisstjórnarinnar var svo ályktað að ekki væri hægt að fallast á þessa tillögu Breta um eftirlitsmenn því með því væri óbeint verið að viðurkenna viðverurétt bresku herskipanna og dráttarbátanna á Íslandsmiðum.

Bretar sögðu Íslendinga, með synjuninni, vera að sýna fram á að það væri yfirlýst stefna íslenskra stjórnvalda að láta varðskipin sigla á bresku herskipin af ásettu ráði og þeir vilji því ekki hlutlausa aðila til að verða vitni að slíkum aðförum. Íslensk yfirvöld sögðu þetta fráleitt því það væri bæði margsannað með ljósmyndum og kvikmyndum að bresku herskipin gerðu sér far um að sigla á íslensku varðskipin, jafnvel þótt þau væru fjarri bresku togurunum. Einnig væri hlægilegt að halda því fram að íslensku varðskipin gerðu í því að sigla á tröllaukin herskipin sem væru oft þrisvar sinnum stærri og mun hraðskreiðari en hin smávöxnu varðskip.<sup>96</sup> Bretar sögðu að þrátt fyrir þennan stærðarmun væru íslensku varðskipin töluvert liprari og snarari í snúningum.

<sup>95</sup> „Hagsmunir Íslands eins vel tryggðir og hægt er í stöðunni“ *Morgunblaðið*, 8. maí 1976, bls. 1.

<sup>96</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Fréttatilkynning frá utanríkisráðuneytinu Nr. 11. Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. febrúar 1976, bls. 1–2.

#### 4.c Breytingar á bresku ríkisstjórninni

Nokkrar breytingar urðu á bresku ríkisstjórninni um miðjan marsmánuð því þann 16. mars tilkynnti Harold Wilson, forsætisráðherra Bretlands, að hann ætlaði að segja af sér embætti fyrir aldurs sakir. James Callaghan utanríkisráðherra tók við embætti forsætisráðherra þann 4. apríl<sup>97</sup> og Anthony Crosland tók við Callaghan sem utanríkisráðherra þann 8. apríl. Crosland sem áður hafði verið umhverfisráðherra var þingmaður frá fiskveiðibænum Grimsby og hafði verið mikill harðlínumaður í afstöðu bresku ríkisstjórnarinnar til fiskveiðideilunnar við Íslendinga. Crosland sagði í byrjun október 1975 að breskir togarar ættu að veiða upp að 12 mílum við Íslandsstrendur.<sup>98</sup>

### 5. Darraðardans á miðunum

Frá febrúarlokum hafði verið tiltölulega rólegt á miðunum þegar varðskipin *Týr* og *Ægir* klipptu veiðarfærin hjá þremur breskum togurum þann 24. apríl. *Ægir* klippti á togvíra breska togarans *Marettu FD-245* þar sem hann var við veiðar 22 mílur suður af Hvalbak. Seinna um daginn náði *Ægir* einnig að klippa á bakborðsvír skuttogaran *C.S. Forester H-96*. Nánast á sama tíma náði *Týr* að klippa á togvíra togarans *Ross Canaveral H-267*. Breskar freigátur reyndu að koma í veg fyrir klippingar en gátu ekki.<sup>99</sup>

Á þessum síðustu dögum aprílmánaðar var farinn að færast hiti í leikinn á ný. Pétur Sigurðsson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, sagði freigátunnar hafa breytt um aðferðir því dráttarbátarnir sæju nú meira um að stjaka við varðskipunum og freigátunnar fylgdu varðskipunum eftir eins og skuggi. Þó voru alltaf einhverjar ásiglingar, sér í lagi ef varðskipin náðu að skera á veiðarfæri togaranna.<sup>100</sup>

Skipstjórar bresku togaranna sökuðu skipherra herskipanna um að taka ekki nægjanlegt frumkvæði í baráttunni við Íslendinga. Þeir sögðu að freigátunnar forðuðust helst átök sem gætu laskað þær. Þannig náði varðskipið *Þór* að klippa á breska togaranum *Irvana FD-141*. Þetta var sami togari og *Ægir* hafði reynt að halastýfa tveimur dögum áður en dráttarbáturinn *Euroman* náði að sigla á varðskipið og koma í veg fyrir klippingu. Þó nokkrir breskir togarar fóru af Íslandsmiðum í kjölfarið. Breska

<sup>97</sup> „Við vinnum ekki fyrir þeim lífsgæðum sem við njótum“ *Morgunblaðið*, 6. apríl 1976, bls. 1 og 39.

<sup>98</sup> „Harður mótherji í landhelgismálinu“ *Morgunblaðið*, 9. apríl 1976, bls. 17.

<sup>99</sup> „Týr og Ægir klipptu á togvíra þriggja togara“ *Morgunblaðið*, 25. apríl 1976, bls. 48.

<sup>100</sup> „Stefnubreyting á miðunum“ *Morgunblaðið*, 27. apríl 1976, bls. 32.

flotamálaráðuneytið neitaði öllum fregnum sem sögðu Bretana vera vernda herskip sín frá skemmdum, líkt og togarasjómennirnir héldu fram.<sup>101</sup> Þann 30. apríl náðu bæði *Baldur* og *Óðinn* að skera á togvíra breskra togara. *Óðinn* komst í gegnum varnarlínu Breta og klippti á á afturvír togarans *Kingston Pearl H-127*. Eftir klippinguna reyndi dráttarbáturinn *Euroman* að sigla á *Óðin* sem náði að koma sér undan. Skömmu síðar reyndu þyrlur freigátanna sem voru skammt yfir *Baldri* að trufla varðskipið er það nálgast hóp togara, *Baldur* slapp hins vegar í gegn og náði að klippa á báða togvíra *Boston Kestrel FD-256*. Eftir klippinguna reyndu dráttarbátarnir *Statesman* og *Lloydsman* ásamt freigátum að þjarma að *Baldri* en varðskipið slapp.

Svo gerðist það er *Óðinn* mundaði klippurnar og gerði sig líklegan til að klippa á veiðarfæri *Arctic Corsair H-320* að togarinn og varðskipið skullu harkalega saman og þurftu bæði skipin að fara til hafna sinna heima til lagfæringar.<sup>102</sup>

Mikil ólga var á miðunum í upphafi maí. Breskir togarar töldu sig ekki fá nægjanlega vernd fyrir varðskipunum íslensku og vildu fá hærri bætur vegna tekjutaps á miðunum. Þann 4. maí létu bresku togararnir sig hverfa skamma stund út úr íslenskri landhelgi til að sýna breskum stjórnvöldum að þeim væri alvara. Daginn eftir, fyrir tilstilli togaraeiganda, sneru skipin aftur á Íslandsmið og hófu veiðar á nýjan leik. Togaraeigendur báðu skipstjóra sína um að halda kyrru fyrir í hálfan annan sólarhring meðan beðið væri eftir niðurstöðum bresku ríkisstjórnarinnar sem fundaði um málið. Breska ríkisstjórnin mátti varla til þess hugsa að yfirgefa miðin því slíkt væri merki ósigurs.<sup>103</sup> Bretar sendu freigáturnar *Tartar* og *Salisbury* á miðin auk annars dráttarbáts. Mikil ánægja togaramanna var um þessa ákvörðun bresku ríkisstjórnarinnar. Voru þá bresku freigáturnar orðnar sex talsins. En togaramenn voru þó enn óánægðir með það að ekkert fékkst staðfest um bætur til sjómanna vegna aflaminnkunar. Breska stjórnin fékk líka á baukinn frá dagblöðum heima fyrir sem trúðu varla að á Íslandsmiðum væru 6 freigátur með yfir 2000 manns í vinnu ásamt dráttarbátum og að sjálfsögðu togarana sjálfa sem alla áhættuna tóku hvað varðaði launaleysi. Þá veltu aðrir því fyrir sér hvort breski flotinn þyrfti að aflýsa flotaheimsókn Breta til Bandaríkjanna í tilefni 200 ára afmælis Bandaríkjanna vegna þess hve mörg skip væru bundin á Íslandsmiðum.<sup>104</sup>

Roy Mason, varnarmálaráðherra Bretlands, vildi fá bresku freigáturnar út fyrir íslenska landhelgi því hann taldi raunverulega hættu á því að freigáturnar gætu sokkið ef

<sup>101</sup> „Bretinn forðast nú að skemma freigáturnar“ *Morgunblaðið*, 28. apríl 1976, bls. 15 og 32.

<sup>102</sup> „Arctic Corsair varð að fara heim eftir að hafa siglt á Óðin“ *Morgunblaðið*, 1. maí 1976, bls. 47–48.

<sup>103</sup> „Bíða ákvörðunar bresku ríkisstjórnarinnar í dag“ *Morgunblaðið*, 6. maí 1976, bls. 1 og 20.

<sup>104</sup> „Togaramennirnir fagna vernd en heimta bætur“ *Morgunblaðið*, 7. maí 1976, bls. 1 og 18.



Íslensku varðskipin skyllu á þeim af miklum krafti. Mjög traustvekjandi að segja þetta um hinn mikla og nútímalega flota okkar, mun Wilson hafa sagt í kaldhæðnum tón.<sup>105</sup>

Mjög alvarleg ásigling varð á miðunum í byrjun maí er freigátan *Falmouth* sigldi af öllu afli á *Tý* og sneri með ásiglingunni varðskipinu í 180° og 70° halli kom á skipið. Guðmundur Kjærnested, skipherra á *Tý* sagði ekkert annað skip íslensku Landhelgisgæslunnar geta þolað slíkt högg. Varðskipið hélt áfram leið sinni í átt að togurum sem voru við veiðar og klippti á víra *Carlisle GY 681*. Alls sigldi *Falmouth* þrisvar sinnum á *Tý* í þessari atburðarás og skemmdist skrúfa skipsins allmikið. Einnig urðu ásiglingar milli *Baldurs* og freigátunnar *Mermaid F-76* og *Óðins* og freigátunnar *Gurkha F-122*.<sup>106</sup> Um miðjan maí lenti varðskipið *Ægir* í miklum eltingarleik við togarann *Primella H-98* og skipaði honum ítrekað að hífa veiðarfæri sín. Togarinn hunsaði allar fyrirskipanir varðskipsins sem enn ítrekaði skipanir sínar. *Ægir* skaut þá þremur lausum viðvörunarskotum í átt að togaranum. Skipstjóri togarans hafði þá samband við breska flotann sem sagði honum að óhlýðnast fyrirmælum *Ægis*. Þá skaut *Ægir* föstu viðvörunarskoti fyrir framan togarann sem svaraði með hótunum um að Nimrod-þota myndi skjóta til baka á varðskipið. Var þá ákveðið að veita togaranum eftirför en ekki ganga lengra í aðförinni að honum.<sup>107</sup>

Greinilegt var að Íslendingar ætluðu ekki að láta neinn bilbug á sér finna því íslenski sendiherrann í Washington lagði fram beiðni, að fyrirskipan íslensku ríkisstjórnarinnar, þar sem farið var fram á það við bandarísk stjórnvöld að þau leigðu Íslendingum eitt eða tvö herskip af gerðinni Ashville. Henry Kissinger utanríkisráðherra Bandaríkjanna hafnaði hins vegar beiðni Íslendinga alfarið. Það voru ekki einungis bandarísk skip sem komu til greina því sovésku freigáturnar af Mirka-gerð heilluðu skipherra Landhelgisgæslunnar ekki síður. Þann 14. maí 1976 fór Pétur J. Thorsteinsson í hádegisverðarboð hjá sendiherra Sovétríkjanna, Gregory N. Farafonov. Í þessu hádegisverðarboði ræddu þeir meðal annars um landhelgisdeiluna. Farafonov lagði á það áherslu að Íslendingar næðu sáttum við Breta, deilan væri bæði kostnaðarsöm og gæti valdið manntjóni sem myndi leiða til enn frekari vandræða. Farafonov sem var í sérfræðihópi innan sovésku utanríkisþjónustunnar sagði að deilan væri afar óheppileg fyrir NATO og veikti bandalagið. Eftir fundinn taldi Farafonov að Sovétmenn óttuðust að færi svo að Íslendingar segðu sig úr NATO gæti einhver þjóða Varsjárbandalagsins

<sup>105</sup> Bernard Donoghue: *Downing Street Diary, with Harold Wilson in no. 10*. bls. 629–630.

<sup>106</sup> „Freigátumenn sáu undir kjölinn á *Tý*“ *Morgunblaðið*, 8. maí 1976, bls. 2 og „Allar freigáturnar á miðunum laskaðar“ bls. 14 og 32.

<sup>107</sup> „Ábyrgðarhluti að sinna ekki hótun herflugvélar“ *Morgunblaðið*, 13. maí 1976, bls. 20 og 36.

fylgt fordæmi Íslendinga og sagt sig úr því bandalagi.<sup>108</sup> Ef til vill hefur Farafonov ekki viljað tjá sig of mikið um deiluna því vitað var að sovéska ríkisstjórnin fylgdist grannt með gangi mála í landhelgismálinu.

## 6. Samkomulag í fiskveiðideilunni

Um miðjan apríl 1976 hafði Geir Hallgrímsson látið í veðri vaka að ríkisstjórn Íslands væri tilbúin til samninga við Breta. Íslenska ríkisstjórnin væri tilbúin að setta sig við að næstu sex mánuðina væru um 22 breskir togarar að meðaltali við veiðar á Íslandsmiðum. Möguleiki væri að hækka þessa tölu lítið eitt með þeim varnagla þó að Bretar féllust á allar kröfur Íslendinga um friðuð veiðihólf innan 200 mílnanna.<sup>109</sup>

Þann 1. júní 1976 sendi Einar Ágústsson utanríkisráðherra breskum kollega sínum, Anthony Crosland, samninginn sem þjóðirnar höfðu þá samþykkt um tilskilin leyfi breskra sjómanna til sóknar innan íslenskrar lögsögu, sem Bretar myndu viðurkenna sem 200 sjómílur. Gert var ráð fyrir 30 þúsund tonna heildarafla á þessu tímabili.

1. Ríkisstjórn Bretlands ábyrgist að fiskveiðar Breta innan íslenskrar lögsögu verði takmarkaðar við 24 togara að meðaltali á dag, miðað við að einn veiðidagur teljist vera 24 klukkustundir og hefjast þegar viðurkennd skráning á sér stað.
2. Innan þeirra takmarka sem getið er í fyrstu greininni munu einungis þeir togarar stunda veiðar sem eru á skrá þeirri sem gerð var vegna bráðabirgðasamkomulagsins frá því í nóvember árið 1973.
3. a) Ríkisstjórn Bretlands ábyrgist, að breskir togarar virði friðunarsvæði þau er íslensk stjórnvöld setja hverju sinni.  
b) Ríkisstjórn Bretlands ábyrgist, að breskir togarar stundi ekki veiðar nær en 20 sjómílum frá grunnlínunum Íslands og ekki nær en 30 sjómílum á grunnlínunum á þeim friðunarsvæðum sem Íslendingar nefna sérstaklega í samningnum.
4. Ríkisstjórn Bretlands ábyrgist að á þeim svæðum þar sem mikið er af ungfiski og hrygningarfiski stundi breskir togarar ekki veiðar. Íslenskum skipum verði einnig bannaðar veiðar á þessum svæðum og ber ríkisstjórn Íslands skylda að tilkynna ríkisstjórn Bretlands ef um mismunun á þessari reglu á sér stað.

<sup>108</sup> Guðmundur J. Guðmundsson: *Ný Saga „Þorskar í köldu stríði“* bls. 76.

<sup>109</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Þorskastríðin þrjú. Saga landhelgismálsins 1948–1976*, bls.135–136.

5. Til frekari verndar fiskistofnum umhverfis Ísland mun breska ríkisstjórnin ábyrgjast að bresk skip muni ekki nota minni möskva en 130 mm til veiða.
6. Ríkisstjórn Bretlands ábyrgist að staðsetning breskra skipa er stunda veiðar sé samkvæmt ákvæðum þessa samkomulags og aflamagn þeirra verði tilkynnt íslenskum stjórnvöldum.
7. Sé skip staðið að veiðum í bága við samkomulagið geta hlutaðeigandi íslensk stjórnvöld stöðvað skipið, rannsakað málsatvik og ef grunur leikur á um brot á togari sá er grunaður er um græsku það á hættu að vera strikaður út af listanum.
8. Ríkisstjórn Bretlands mun tafarlaust leggja til við Efnahagsbandalag Evrópu að svo fljótt sem nauðsynlegar ráðstafanir hafa verið gerðar muni ákvæði bókunar nr. 6 við samning milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu frá því 22. júlí 1972 taka gildi. Einnig mun hún beita sér fyrir því að tollalækkanir, sem kveðið er á um í þeirri bókun, verði framkvæmdar með þeim hætti sem orðið hefði ef bókunin hefði verið í gildi síðan 1973.
9. Ekkert ákvæði samkomulags þessa skal talið hafa áhrif á innbyrðis afmörkun lögsögu milli landa aðilanna.
10. Samningur þessi skal gilda í 6 mánuði frá gildistöku. Eftir að samningurinn fellur úr gildi munu Bretar og þá bresk skip einungis stunda veiðar á því svæði sem greint er í hinni íslensku reglugerð frá því 15. júlí árið 1975.<sup>110</sup>

Í samtali við *Morgunblaðið* sagði Geir Hallgrímsson forsætisráðherra lausn fiskveiðideilunnar vera mikinn sigur fyrir Ísland. Gert var ráð fyrir að Bretar myndu ná 30 þúsund tonnum á þessum 6 mánuðum, þar af 25 þúsund tonn af þorski, en höfðu áður haft um það bil 70 þúsund tonn.<sup>111</sup> Einar Ágústsson kvað lausnina vera mikinn sigur fyrir Ísland og allra þeirra þjóða sem hefðu hag af því að færa út fiskveiðilögsögu sína. Hann sagðist líta svo á að loksins væri komin sátt í 28 ára gamalt deilumál tveggja vinnuþjóða. Anthony Crosland, utanríkisráðherra Breta, sagði undirskriftina vera sigur heilbrigðrar skynsemi. Hann sagði að frá því að Bretar og Íslendingar skrifuðu síðast undir samninga varðandi fiskveiðideilur hefði mikið vatn runnið til sjávar. Bandaríkin og önnur lönd hafi m.a. lýst því yfir að þau muni færa einhliða út í 200 mílur. Viðræður um fiskimálastefnu Efnahagsbandalagsins væru hafnar og Alþjóðahafréttarráðstefnan

<sup>110</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 3 1976. Landhelgismál III. Utanríkisráðuneytið.

*Samkomulag um lausn fiskveiðideilunnar við Breta dags. 1. júní 1976.* Einar Ágústsson. His Excellency Mr. Anthony Crosland Foreign Secretary of the United Kingdom, bls. 1–3.

<sup>111</sup> „Bretar geta aldrei framfar beitt herskipum“ *Morgunblaðið*, 2. júní 1976, bls. 1 og 31.

hefði komið saman á ný. Crosland sagðist ekki líta á samningana sem ósigur, þrátt fyrir að viðurkenna að erfitt væri fyrir sig að snúa aftur til síns heima til Grimsby þar sem hann bjóst ekki við að vera vel tekið af sínum sveitungum. Þetta var bara stefnan sem var í alþjóðamálum á þessum tíma.<sup>112</sup> Þegar búið var að semja um lausn deilunnar taldi Crosland fullvíst að þeir Matthías og Einar myndu snúa heim sem sigurvegarar á meðan hann sjálfur myndi, eins og áður segir, snúa heim með skottið á milli lappanna. Slíkan yfirburðasigur fannst honum Íslendingar hafa. Honum brá því brún þegar Matthías tjáði honum að verkalýðshreyfingin á Íslandi hefði skipulagt mótmælafund á aðaltorgi höfuðborgarinnar til að sýna vanþóknun sína á þessum svikasamningum. Þetta fannst utanríkisráðherra breska stórfurðulegt. Lengi vill mikill meir.<sup>113</sup> Matthías Bjarnason sjávarútvegsráðherra lýsir þessu svo:

Eftir að hafa komið okkur fyrir á hótelinu fórum við Einar sinn í hvorum bílnum á fundarstaðinn, sem var móttökuhús norsku ríkisstjórnarinnar. Þar sáuum við hóp af fólki handan götunnar sem hafði uppi mikil köll og hróp. Kórinn reyndist íslenskur og ég man hvernig hann glumdi 'Farðu heim, Einar! Farðu heim, Matthías! Enga svikasamninga hér!'... Þetta var ljómandi gæfulegt ungt fólk og var auðvitað bara að tjá okkur svipaðan heiftarhug í garð Breta og ríkti hjá verulegum hluta íslensku þjóðarinnar um þessar mundir. Við Einar vorum heldur ekkert yfir okkur hrifnir af Bretum, en verkefni okkar var að reyna að leiða þessa deilu þannig til lykta að við héldum 200 sjómílna lögsögunni.<sup>114</sup>

## 7. Nokkrar tölulegar upplýsingar úr þorskastríðinu

Í síðasta þorskastríðinu tóku alls 22 breskar freigátur þátt í vernd fiskiskipaflota Breta á Íslandsmiðum. Fór hver þeirra í eina til fjórar ferðir á miðin og var hvert úthald allt frá nokkrum dögum upp í hálfan mánuð. Flestar voru freigáturnar sjö saman í senn, það var í þeim hörðu átökum sem urðu í maíbyrjun árið 1976. Árekstrar urðu a.m.k. 54 og þarf ekki að koma á óvart að þegar þeir urðu var Bretum kennt um þá.<sup>115</sup>

Landhelgisgæslan birti um miðjan maí 1976 tölur um ásiglingar breskra skipa á íslensku varðskipin á tímabilinu frá 15. nóvember 1975 til 15. maí 1976.

<sup>112</sup> „Sigur Íslands eftir 28 ára baráttu“ og „Er sigur heilbrigðrar skynsemi“ *Morgunblaðið*, 2. júní 1976, bls. 15.

<sup>113</sup> Örnólfur Árnason: *Járnkarlinn*, bls. 185.

<sup>114</sup> Örnólfur Árnason: *Járnkarlinn*, bls. 183.

<sup>115</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Þorskastríðin þrjú: Saga Landhelgismálsins 1948–1976*, bls. 143.

**Freigátur: Fjöldi ásiglinga:**

Diomedea F-16	3
Galatea F-18	1
Salisbury F-32	5
Naiad F-39	1
Juno F-52	5
Andromeda F-57	2
Scylla F-71	2
Mermaid F-76	4
Yarmouth F-101	5
Lowestoft F-103	1
Leander F 109	1
Falmouth F-113	3
Gurkha F-122	4
Tartar F-133	2

**Dráttarbátar: Fjöldi ásiglinga:**

Euroman	2
Lloydsman	1
Star Aquarius	1
Statesman	1

**Samtals 44 ásiglingar**

Þar af 18 á Tý, 1 á Ægi, 5 á Óðin, 13 á Þór, 6 á Baldur og 1 á Ver. Auk þess voru 2 árekstrar við breska togara.<sup>116</sup>

## 8. Hvað réð því að samningar náðust ekki?

Fimmtudaginn 9. október árið 2003 hélt breski sagnfræðiprófessorinn Alan S. Milward erindi í Háskóla Íslands um lítil þjóðhagkerfi og Evrópusambandið. Hann beindi sjónum einkum að landhelgisdeilu Íslendinga við Breta og önnur Evrópubandalagslönd árið 1976. Hann taldi að ástandið í Evrópu á þeim tíma sem þorskastríðið var hefði verið aðalástæða fyrir sigri Íslands á Bretum í þorskastríðinu tíunda.<sup>117</sup> „Bretar voru svo til

<sup>116</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Landhelgisgæzlan. Ásiglingar breskra skipa á íslensk varðskip frá 15.11. 1975 til 15.5. 1976.

<sup>117</sup> „„Frítt spil“ gagnaðist Íslendingum í síðasta þorskastríðinu“ *Morgunblaðið*, 13. október 2003, bls. 10.

nýgengnir í ESB (eða Evrópubandalagið eins og það hét þá) og höfðu við inngönguna þurft að beygja sig undir þá stefnu ESB að fiskimið aðildarlandanna skyldu sameiginleg. Þá beið fríverzlunarsamningur, sem Ísland hafi gert við ESB (ásamt hinum EFTA-ríkjunum sem ekki gengu í ESB árið 1973) gildistöku unz fiskveiðideilurnar við ESB-ríkin Bretland, Þýskaland og Belgíu hefðu verið leystar. Var kveðið á um það að fríverslunarsamningurinn félli ómerkur niður ef hann gæti ekki gengið í gildi fyrir árslok 1976. Íslendingar höfðu gríðarmikilla hagsmuna að gæta í því að fá 200 mílna lögsöguna viðurkennda.<sup>118</sup>

Milward taldi að röð tilviljana hefði ráðið því að Íslendingar fengu nánast allt það er þeir fóru fram á. Tilviljanir réðu því að Bretar gáfu eftir í fiskveiðilögsögudeilunni. Hann gerði lítið úr því að hótanir íslenskra ráðamanna um að láta landhelgisdeiluna við Breta bitna á samstarfi Íslands við NATO hafi ráðið einhverju í deilunni, enda þótt Íslendingar hafi sagt sig úr stjórnámbandi við þá og hótad að banna Bandaríkjamönnum að nota Keflavíkurlugvöll.

Þegar komið var fram á árið 1976 voru Bretar með tapaðan málstað í deilunni um 200 mílur. Mestu máli skipti fyrir Breta að koma út úr deilunni með sem minnstan skaða út á við. Það er að segja hvernig var best að koma sér úr deilunni án þess að tapa andliti.<sup>119</sup> Milward fékk á baukinn í leiðara *Morgunblaðsins* daginn eftir að grein hans var birt. Söguskýringar hans þóttu ekki sannfærandi og taldar voru upp nokkrar samvirkandi ástæður fyrir þróun mála, ekki ólíkt upptalningu Milwards.<sup>120</sup>

Í fyrsta lagi var þróun hafréttar okkur í hag. Í öðru lagi kunnu aðrar þjóðir í okkar heimshluta lítið að meta yfirgang Breta gagnvart okkur Íslendingum. En í þriðja lagi og það skiptir höfuðmáli í þessu samhengi, lögðu bandalagsríki Íslendinga og Breta innan Atlantshafsbandalagsins mikla áherzlu á, að þessum ófriði yrði lokið, sem hafði óhjákvæmilega neikvæð áhrif á samstarfið innan bandalagsins. Í báðum þorskastríðum áttunda áratugarins höfðu forsvarsmenn Atlantshafsbandalagsins mikil afskipti af deilum Íslendinga og Breta.<sup>121</sup>

Þrátt fyrir það sem Milward hélt fram var það ekki rétt að íslensk stjórnvöld hefðu haft í beinum hótunum gagnvart Atlantshafsbandalaginu. Forráðamenn bandalagsins voru þó alveg meðvitaðir um pólitískar erjur hér innanlands. Andstæðingar

<sup>118</sup> „Frítt spil“ gagnaðist Íslendingum í síðasta þorskastríðinu“ *Morgunblaðið*, 13. október 2003, bls. 10.

<sup>119</sup> „Frítt spil“ gagnaðist Íslendingum í síðasta þorskastríðinu“ *Morgunblaðið*, 13. október 2003, bls. 10.

<sup>120</sup> „Þorskastríðin og söguskýringar“ *Morgunblaðið*, 14. október 2003, bls. 28.

<sup>121</sup> „Þorskastríðin og söguskýringar“ *Morgunblaðið*, 14. október 2003, bls. 28.

ríkisstjórnarinnar notuðu hvert tækifæri til að grafa undan stuðningi íslensks almennings við bandalagið og við varnarsamninginn við Bandaríkin.<sup>122</sup>

Það má því segja að samningarnir sem íslensku sendinefndinni buðust í viðræðunum í Lundúnum í lok janúar hafi ekki verið það hagstæðir Íslendingum og ríkisstjórnin litið svo á að hægt væri að fá betri samninga með örlítilli þolinmæði. Miðað við þróun mála í hafréttarmálum í heiminum á þessum tíma sem var reyndar Íslendingum hagstæð, og voru íslenskir ráðamenn fullmeðvitaðir um það, því fyrir lá að Bandaríkjamenn væru við það að taka sér 200 mílna lögsögu og Alþjóða-hafréttarráðstefnan var á næsta leiti þar sem líklegt var að 200 mílurnar yrðu að lögum.

Þrátt fyrir að Geir hafi fundist sem mál þokuðust í rétta átt á öðrum degi í samningaviðræðunum fannst honum enn vera töluvert í land. Wilson stakk upp á því að ársafli Breta yrði 65–70 þúsund tonn af þorski og 10–12 þúsund tonn af öðrum fiski til tveggja ára en engin formleg viðurkenning á 200 mílunum yrði samþykkt. Tonnatölurnar voru í sjálfu sér ekki ýkja langt frá þeim tölum sem Íslendingar höfðu farið fram á í viðræðunum við Hattersley í nóvember en nú var staðan önnur og tækifæri á enn betri samningum.<sup>123</sup>

## 9. Samantekt

Í fyrstu umferð viðræðna Íslendinga við Breta þann 11. september 1975 kröfðust Bretar þess að fá að veiða 130 þúsund tonn í 10 ár sem var það sama og þeir fengu miðað við samninginn frá 13. nóvember 1973. Í annarri umferð viðræðna dagana 23. og 24. október héldu Bretar enn fast í 130 þúsund tonn. Í þriðju umferðinni þann 17. nóvember 1975 vildu Bretar fá 110 þúsund tonn eftir að Íslendingar höfðu boðið þeim 65 þúsund tonn. Í viðræðunum í Lundúnum dagana 24. til 27. janúar 1976 vildu Bretar fá 85 þúsund tonn.<sup>124</sup>

Eftir nokkuð farsæla fundi ríkisstjórnanna í Lundúnum 24.–27. janúar, þar sem ágætlega gekk að brúa það bil sem myndast hafði milli þjóðanna, voru bresku herskipin komin aftur á Íslandsmið að kvöldi 5. febrúar og skömmu síðar Nimrod-þoturnar einnig. Breska ríkisstjórnin notaði þá átyllu að íslenskt varðskip hefði skorið á togvára breska

<sup>122</sup> „Þorskastríðin og söguskýringar“ *Morgunblaðið*, 14. október 2003, bls. 28.

<sup>123</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Þorskastríðin þrjú. Saga landhelgismálsins 1948–1976*, bls. 121.

<sup>124</sup> ÞÍ. Utanríkisráðuneytið, 1989 B/174 (3) Ministry for foreign affairs. Some observations concerning a newsletter distributed by British Authorities regarding the Fisheries Dispute. Reykjavík, February 12, 1976, bls. 1.

togarans *Loch Eriboll* sama dag. Sá togari hafði verið að veiðum á alfriðuðu svæði þar sem Íslendingum jafnt og Bretum voru bannaðar veiðar allt árið um kring. Þrátt fyrir fjölda viðvarana íslenska varðskipisins hélt breski togarinn áfram ótrauður við veiðar sínar. Bresku togararnir höfðu fyrirskipanir frá verndarbátunum að hunsa fyrirmæli íslensku varðskipanna. Íslenska ríkisstjórnin mótmælti harðlega þessari íhlotun breska flotans og kvað engan grundvöll fyrir samninga meðan þetta harðræði stæði yfir. Til stóð þá og þegar að slíta stjórnmálasambandi við bresku ríkisstjórnina en fyrir tilstilli Josephs Luns, framkvæmdarstjóra Atlantshafsbandalagsins, var því slegið á frest meðan hann reyndi að miðla málum. Þá töldu Íslendingar Breta enn fremur ögra ríkisstjórninni með því að stunda veiðar á friðuðu svæði norðaustur af Íslandi, en vitað var að yfirgnæfandi meiri hluti aflans þar væri ungfiskur sem ætti verulega undir högg að sækja. Hér væri því um að ræða rányrkju af verstu tegund.

Íslenska ríkisstjórnin taldi sér ekki fært að halda stjórn málasambandi við þjóð sem beitti íslensku þjóðina ofbeldi með þvingunum og hervaldi. Því var stjórn málasambandi þjóðanna slitið.<sup>125</sup>

Í 50 mílna deilunni við Breta þegar Ólafur Jóhannesson var forsætisráðherra hafði hann fyrirskipað að varðskipin skyldu ekki stunda klippingar á meðan hann átti viðræður við Edward Heath, þáverandi forsætisráðherra Bretlands. Því má segja að sú ákvörðun hans að gefa fyrirskipun um að varðskipin skyldu hefja klippingar á ný á meðan Geir Hallgrímsson var á fundinum í Lundúnum hafi verið vægast sagt undarleg. Hins vegar verður að segja það Ólafi til varnar að Geir Hallgrímsson hafði áður sagt að honum fyndist oft sem skipherrar íslensku varðskipanna lytu ekki fullum aga og reyndu oftast en ekki að leika 'þjóðhetjur' þegar þörfin væri ef til vill meiri á að sýna stillingu og ró.<sup>126</sup> Þrátt fyrir að Wilson hafi ekki brugðist við með því að sparka íslensku sendinefndinni út má gera því skóna að klippingin hafi valdið því að þolinmæði Breta hafi verið komin á ystu nöf.

Viðræðurnar höfðu lofað góðu í lok janúar, Bretar m.a. kallað flota sinn út fyrir 200 mílurnar og togararnir höfðu haft hægar um sig en áður. En breskir sjómenn voru farnir að ókyrrast heldur mikið og þegar Wilson bað þá að bíða með veiðar á meðan íslenska ríkisstjórnin ræddi málin urðu þeir æfir og hótuðu að sigla heim ef ekki kæmu herskip til verndar innan skamms. Svo þegar breskar freigátur sneru aftur á Íslandsmið

---

<sup>125</sup> ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II. Símskeyti Einars Ágústssonar til utanríkisráðherra NATO landa annarra en Bretlands. Sent 19. febrúar 1976, bls. 3–7.

<sup>126</sup> Guðni Th. Jóhannesson: *Þorskastríðin þrjú. Saga landhelgismálsins 1948–1976*, bls. 118–120.



má segja að allur grundvöllur samkomulags um úrlausn fiskveiðideilunnar eftir fundi sendinefndanna í Lundúnum hafi verið úti.

Hinn gríðarlegi þrýstingur á Íslandi, bæði frá íslenskum almenningi sem og stjórnarandstöðu, hjálpaði ekki til við að liðka fyrir í samningum ríkisstjórnarinnar. Mennt vildu fá algeran sigur í deilunni.

Hið svokallaða ‘NATO-vopn’ Íslendinga sem vinstri stjórnin ku hafa notað svo mikið í 50 mílna deilunni dugði ekki mikið til gegn stjórnvöldum í Bandaríkjunum. Bandarískir embættismenn voru orðnir langþreyttir á ósvífni Íslendinga og höfðu í raun fengið nóg af hótunum Íslands um úrsögn úr NATO. Frá þeirra sjónarhóli voru Íslendingar að gera úlfalda úr mýflugum vegna veiða ‘örfárna’ togara. Stjórn Bandaríkjanna leit einnig svo á að færi svo að bandaríska herliðið yrði að fara úr landi myndi það m.a. skapa gríðarlegan samdrátt á Keflavíkurflugvelli, gjaldeyrstekjur Íslands myndu snarminnka, atvinnuleysi myndi aukast og þar að auki myndi samningsstaða Íslands versna til muna í fiskveiðideilunni. Þrátt fyrir þessa staðreynd var það alveg ljóst að ríkisstjórn Bandaríkjanna óttaðist einnig hvernig farið gæti ef til úrsagnar úr NATO kæmi. Slíka hættu voru menn aldrei tilbúnir að leggja raunverulega á sig.

Afar vinsælt hefur verið að líkja hatræmmri baráttu Íslendinga og Bretar við baráttu Davíðs og Golíats. Þá má auðvitað segja að líkt og í biblíusögunni hafi Davíð sigrað Golíat. Í raunhyggju, realisma, segir að valdið liggi hjá hinum sterku og hinir veiku verði að lúta þeirra lögum. Í sögunni hafa stríð jafnan verið háð þannig að þeir sem búa yfir meiri hernaðarstyrk eigi að sigra hinn aðilann. En þorskastríðin voru ekki eiginleg stríð, í krafti smæðar sinnar náðu Íslendingar að knýja fram sigur gegn fjandmanni sem hefði, samkvæmt raunhyggjunni getað gjörsigrað þá á fáeinum dögum. Vald hinna veiku orsakaði að slíkt gerðist ekki. Henry Kissinger, þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði um vald hinna veiku: Hinir veiku verða sterkir því þeir geta verið kærulausir. Hinir sterku verða veikir því þeir þurfa að vera varkárir. Hann furðaði sig á að hér væri 200 þúsund manna eyþjóð í Norður- Atlantshafi sem væri tilbúin að leggja allt í sölurnar gegn einni mestu stjórnþjóð heimsins sem hefði ríka hefð af hernaðarsigrum í aldanna rás.

Það er erfitt að ímynda sér þá atburðarás sem hefði verið sett af stað ef Bretar hefðu beitt ‘raunverulegu’ valdi gegn varðskipunum. Líklegt verður að telja að með slíkri atburðarás hefði virkilega reynt á varnarsamstarf Bandaríkjanna á Íslandi. En blessunarlega kom aldrei til þessa. Á þessum tíma var kalda stríðið í algleymingi og menn máttu ekki til þess hugsa að ‘rauði herinn’ næði hér völdum.

## Heimildaskrá

### Bækur og greinar

Donoughue, Bernard: *Downing Street Diary, with Harold Wilson in no. 10*. (London 2005).

Guðmundur J. Guðmundsson: „Þorskar í köldu stríði“ *Ný Saga*, bls. 67–81. (Reykjavík 2000).

Guðni Th. Jóhannesson: *Þorskastríðin þrjú. Saga landhelgismálsins 1948–1976*. (Reykjavík 2006).

Guðni Thorlacius Jóhannesson: *Sympathy and Self-Interest. Norway and the Anglo-Icelandic Cod Wars*. (Ósló 2005).

Sveinn Sæmundsson: *Guðmundur skipherra Kjærnested, saga hatrammra átaka, taugastríðs og ofbeldisverka II*. (Reykjavík 1985).

Wilson, Harold: *Final term: The labour government 1974–1976*. (London 1979).

Örnólfur Árnason: *Járnkarlinn: Matthías Bjarnason ræðir ævi sína og viðhorf*. (Reykjavík 1993).

### Óbirtar heimildir

National Archives, London. CAB128/58. Fundargerð ríkisstjórnarfundar, 29. janúar 1976.

ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 1 1975. Landhelgismál I.

ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 2 1976. Landhelgismál II.

ÞÍ. Sögusafn Utanríkisráðuneytis. 6/1993. 3 1976. Landhelgismál III.

ÞÍ. Utanríkisráðuneytið, 1989 B/174 (3). Landhelgisdeilan. Fréttatilkynningar og skeyti.

ÞÍ. Utanríkisráðuneytið, 1989 B/174 (4). Landhelgisdeilan. Fréttatilkynningar og skeyti.

ÞÍ. Utanríkisráðuneytið, 1989 B/174 (5). Landhelgisdeilan. Fréttatilkynningar og skeyti.

### Blaðaheimildir

*Morgunblaðið*, nóvember 1975 – október 2003.

*Þjóðviljinn*, janúar 1976.